Ævintýra landið

Ferðalag um Ísland 2024

FRÍTT EINTAK

N1

POTTAGALDRAR
VIÐ GRILLIÐ Í SUMAR

Kebab kjúklingakrydd

Villijurtir

Eðalsteik- og grillkrydd

Best á allt

Víkingaolía fyrir naut og lamb

Ítölsk hvítlauksolía

Grísk kryddolía fyrir kjúkling og fisk

Piri piri kryddolía

Með sjálfbærni og mannúð að leiðarljósi • Engin aukaefni • 100% hrein krydd
Uppskrift að góðri matargerð

EKKI KAUPA SCARPA GÖNGUSKÓ

NEMA ÞÚ ÆTLIR ÞÉR AÐ NOTA ÞÁ Í MÖRG ÁR OG HUGSA VEL UM ÞÁ

RIBELLE HD
FRAMTÍÐIN Í GÖNGUSKÓM

FJALLA KOFINN

Farðu vel með **náttúruna** og njóttu hennar

Hallarmúli 2 | s: 510 9505 | fjallakofinn.is

Ný lína frá Janus komin til landsins

„Það vita allir sem hafa farið í útilegu eða fjallgöngu að íslenska sumarið getur verið svalt þegar sólin er sest. Þá skiptir öllu að vera í hlýjum og notalegum fatnaði. Við vorum einmitt að fá í búðirnar okkar nýja ferska línu frá Janus og er hún í tveimur þykktum og fjölbreyttu litavali. Svo bætist þriðja þykkasta þykktin við í haust," segja systurnar Olga Ingrid og Halldóra Björk Heiðarsdætur í Ullarkistunni en Ævintýralandið heimsótti þær í verslunina í Skeifunni 3b í Reykjavík. Ullarkistan er einnig í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri.

Ullin stendur fyrir sínu

Olga Ingrid segir að góður ullarfatnaður standi alltaf fyrir sínu. „Áhuginn á útiveru er sífellt að aukast og í landi eins og okkar getur veðrið verið misjafnt og breytingar örar. Þá er gott að nýta sér kosti ullarinnar. Merino ullin er engri lík, dásamlega mjúk og notaleg að vera í og hún sér til þess að maður njóti sín, sama hvernig veðurfarið er. Ullin temprar þannig að manni er hvorki kalt né of heitt og gerir einfaldlega skemmtilegt ferðalag enn ánægjulegra."

Ullarkistan hefur lengi átt í góðu samstarfi við Janus í Noregi sem framleiðir hágæða undirfatnað úr Merino ull sem hefur þá einstöku eiginleika að vera í senn hlý, mjúk, létt og þornar hratt. Verslunin býður fjölbreytt úrval fatnaðar á fullorðna og börn í öllum stærðum, litum og þykktum. Vöruúrvalið er afar fjölbreytt; buxur, bolir, jogginggallar, toppar, húfur, sokkar, samfellur, heilgallar og fleira og fleira. Fatnaðurinn frá Janus er framleiddur í mismunandi þykktum í samræmi við mismunandi þarfir og óskir viðskiptavinanna. „Við erum með þessa klassísku ullarlínu frá þeim, einnig vörur úr léttull sem er einstaklega þunn og þægileg og svo hlýja íslenska línu þannig að það er um margt að velja. Það er mjög ánægjulegt að selja vörur sem við vitum að eru fyrsta flokks og við fáum stöðugt skilaboð frá viðskiptavinunum sem eru afar sáttir," segir Halldóra Björk.

■ **Ullarkistan er sannkallað fjölskyldufyrirtæki! Hér eru systurnar Olga Ingrid og Halldóra Björk Heiðarsdætur en hún heldur á syni sínum, Kristófer Bjarka. „Við vorum að fá nýja línu fyrir sumarið frá Janus sem heitir Janus Classic og þar eru nýir litir og úrval af léttullinni vinsælu."**

■ **Ullarkistan sérhæfir sig í mjúkum og hlýjum Merino ullarfatnaði fyrir alla aldurshópa.**

Verslanir í Reykjavík og á Akureyri

Ullarkistan hefur fyrir löngu fest sig í sessi hér á landi og verið í rekstri í tæpa tvo áratugi. Í verslunum Ullarkistunnar er fyrst og fremst lögð áhersla á gæðafatnað en ekki síður góða þjónustu og hagnýtar leiðbeiningar til viðskiptavina.

■ **Merino ull fyrir alla aldurshópa! Verslanir Ullarkistunnar eru í Skeifunni 3b í Reykjavík og á Glerártorgi á Akureyri. Svo er auðvitað netverslun með hraðri heimsendingu!**

Nú, þegar sumarið er komið og fjölskyldan heldur á vit ævintýranna í íslenskri náttúru, er ekki úr vegi að renna við í Ullarkistunni í Skeifunni eða á Glerártorgi og tryggja sér notalegan fatnað sem alltaf kemur sér vel, hvernig sem viðrar. Svo er einnig hægt að nýta sér netverslunina og fá vöruna senda heim að dyrum.

ullarkistan.is

Útgefandi: Ritform ehf.
Ritstjóri: Valþór Hlöðversson (ábm).
Hönnun og umbrot: Guðmundur Þorsteinsson.
Auglýsingar: Ingibjörg Ágústsdóttir.

Forsíðumynd: Hvítserkur.

Ísafoldarprentsmiðja - Umhverfissvottun 141 825

Markaðsstofum landshlutanna er þökkuð aðstoð við vinnslu blaðsins.

Ævintýralandinu er dreift frítt á upplýsingamiðstöðvar ferðamanna og á stöðvum N1 víða um land.

MARÁS

Miðhrauni 13
210 Garðabæ

FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.

www.maras.is
S:555 6444

TOHATSU

Eigum úrval af tækjabúnaði
fyrir skip og frístundabáta.

SIMRAD

www.faj.is
S:552 2111

■ Í Krauma er notað heitt vatn úr Deildartunguhver sem er einn öflugasti og vatnsmesti hver í Evrópu.

Krauma – vellíðan og einstakar veitingar

Krauma – náttúrulaugar standa skammt norðan Deildartunguhvers í Borgarfirði. Laugarnar eru sex talsins, fimm með heitu vatni og ein með köldu vatni. „Í laugarnar notum við heitt vatn úr Deildartunguhver sem er einn öflugasti og vatnsmesti hver í Evrópu. Engum sótthreinsandi efnum er bætt í vatnið, heldur er hreinleiki þess tryggður með mjög miklu vatnsrennsli í laugarnar," segir Jónas Friðrik Hjartarson, framkvæmdastjóri Krauma.

Gufubað, infrarauður klefi og slökun

Náttúruaflið Deildartunguhver spúir upp um 180 lítrum af 100°C heitu vatni á sekúndu en áður en það rennur í laugar Krauma er það kælt niður með varmaskiptum.

„Þegar gestir hafa notið dvalar í laugunum geta þeir slakað á í hvíldarherbergi þar sem er spiluð róleg tónlist og jafnan kveikt í arni í miðju rýmisins. „Þetta hefur vakið mikla lukku hjá gestum okkar; að dvelja í heitri eða kaldri laug eða potti og fara svo í hvíldarherbergið. Þetta er mikill slökunartími." Gestir geta einnig farið í gufubað þar sem hveravatni er úðað undir bekki í rýminu og einnig í infrarauðan klefa sem nýtur mikilla vinsælda.

Ferskt hráefni úr héraði

Glæsilegur veitingastaður er í aðalbyggingu Krauma og er lögð áhersla á ferskt hráefni úr nágrenninu. Veitingastaðurinn er afskaplega notalegur og gestir geta einnig setið og notið matarins á pallinum utandyra þegar veður er gott. „Við hönnun veitingastaðarins var lögð áhersla á að umhverfið fengi að njóta sín og að byggingarnar myndu falla inn í umhverfið," segir Jónas Friðrik. Hann bætir við að aðsókn í Krauma sé búin að vera góð frá opnun staðarins.

„Krauma hefur vakið mikla eftirtekt og fengið frábæra dóma kröfuharðra ferðamanna, ekki síst frá útlöndum. Við bjóðum alla velkomna til okkar í sumar, ekki síst Íslendinga sem ætla jú að ferðast innanlands þetta árið. Krauma er sannkölluð upplifun fyrir hvern og einn."

■ Í hvíldarherbergi slaka gestir á eftir að hafa verið í pottunum. Þar er spiluð róleg tónlist og jafnan kveikt á arni í miðju rýmisins.

■ Veitingastaðurinn í Krauma er afskaplega notalegur en gestir geta einnig setið og notið matarins á pallinum utandyra þegar veður er gott.

krauma.is

FERÐASUMARIÐ MIKLA

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA VIÐ BÍLAEIGENDUR OG BIFREIÐAVERKSTÆÐI

FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÍLANAUST

FARANGURSBOX

ÞVERBOGAR

REIÐHJÓLAFESTINGAR

HLIÐARSPEGLAR

TRAPPA

DÚKUR Í FORTJALD

KÆLIBOX

BÓNVÖRUR

NEYSLUGEYMAR

HLEÐSLUTÆKI

STRAUMBREYTIR

DRÁTTARBEISLI

Allt fyrir bílinn á einum stað!

RAFMAGNSVÖRUR

LOFTPRESSUR 12V

Bílanaust

STÓRVERSLUN	STÓRVERSLUN	Hafnargata 52	Hrísmýri 7	Furuvöllum 15	Miðvangi 2-4
BÍLDSHÖFÐA 12	BÆJARHRAUNI 12	260 Reykjanesbæ	800 Selfossi	600 Akureyri	700 Egilsstöðum
110 REYKJAVÍK	220 HAFNARFIRÐI	S. 421 7510	S. 482 4200	S. 535 9085	S. 471 1244
S. 535 9000	S. 555 4800				

www.bilanaust.is

Upplifðu Vesturland // west.is

Vitarnir á Breiðinni við Akranes eru tveir og þá er gaman heim að sækja. Haldnir hafa verið ýmsir viðburðir í nýja vitanum, tónleikar og listasýningar.

Breiðafjörður er einstakur fyrir margra hluta sakir. Þar er mikið fuglalíf, selir sjást víða og fjöruborðið iðar af lífi. Vinsælt er að fara út í eyjuna Flatey.

Deildartunguhver er í Reykholtsdal og er hann vatnsmesti hver Evrópu. Úr hverunum koma 180 l af u.þ.b. 100° heitu vatni á sekúndu. Vatni er dælt til Borgarness og Akraness og einnig nýtt í náttúrulaugar Kraumu.

Eiríksstaðir í Haukadal voru heimili Eiríks rauða og konu hans Þjóðhildar og fæðingarstaður Leifs heppna. Í bænum er lifandi starfsemi og fólk klætt að fornum sið fræðir gesti.

Glymur er hæsti foss landsins. Hann er í Botnsdal innst í Hvalfirði og er fallhæð hans 198 metrar. Gönguferð að fossinum Glym tekur á bilinu 3-4 klukkustundir.

Reykholt er höfðingjasetur í Borgarfirði og þar er sagan við hvert fótmál. Þar bjó Snorri Sturluson skáld og stjórnmálamaður. Í Reykholti er Snorrastofa, safn og rannsóknarstofnun um Snorra Sturluson.

Árbók Ferðafélags Íslands 2024



Árbók Ferðafélags Íslands kemur nú út 97. árið í röð. Titill bókarinnar er **Sunnan Vatnajökuls – Frá Núpsstað til Suðursveitar.** Í henni er fjallað um svæði sem markast af Djúpá í Fljótshverfi í vestri, vatnaskilum Vatnajökuls í norðri, Steinadal í Suðursveit í austri og strandlengjunni í suðri.

Höfundar eru **Hjörleifur Guttormsson** náttúrufræðingur, **Snævarr Guðmundsson** náttúrulandfræðingur og **Oddur Sigurðsson** jarðfræðingur. Langflestar ljósmyndir í bókinni eru eftir höfundana þrjá og Snævarr annaðist jafnframt gerð uppdrátta og skýringarmynda.

Árbókin er komin úr prentun og í dreifingarferli. Þeir félagsmenn sem hafa greitt árgjaldið eiga því von á að fá bókina á næstu dögum. Þeir félagar sem eiga eftir að greiða árgjaldið eru hvattir til greiða gjaldið, kr. 8.900, og fá árbókina senda í kjölfarið. Margvíslegur ávinningur fylgir því að vera félagi í Ferðafélagi Íslands. Sjá á heimasíðu FÍ, www.fi.is

Eins og áður í árbókum félagsins kynnast lesendur svæðinu í gegnum landlýsingu, umfjöllun um jarðfræði og náttúrufar auk þess sem fjallað er um söguna, mannlífið og þær persónur sem þar hafa verið áberandi. Rúm þrjátíu ár eru síðan svæðið sunnan Vatnajökuls var síðast til umfjöllunar í árbók og margt hefur breyst á þeim tíma í þessum stórbrotna heimi jökla og elda. Þá er ítarleg umfjöllun um stofnun Skaftajökulsþjóðgarðs, sem varð síðar hluti af Vatnajökulsþjóðgarði, og gönguleiðum lýst í Skaftafellslandinu. Bókin ætti að reynast góður ferðafélagi þeirra sem leggja leið sína um svæðið eða vilja kynnast því nánar.

Árbókin er 280 blaðsíður með 235 ljósmyndum, 32 kortum og skýringarmyndum.

Bókin er litprentuð með heimildaskrá ásamt örnefna- og mannanafnaskrám.

Skráðu þig inn – drífðu þig út

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími 568 2533 | www.fi.is

■ Á Vesturlandi er óhjákvæmilegt að koma við hjá hinum óviðjafnanlegu Hraunfossum.

Hraunfossarnir óteljandi

Hraunfossar eru ein allra fegursta náttúruperla landsins, ótal fossar sem spretta úr hraunjaðrinum og falla í Hvítá. Fallegar gönguleiðir eru um svæðið og hægt er að ganga að Barnafossi og einnig er brú yfir ána þar sem hægt er að ganga yfir í hraunið.

Sagan segir að steinbogi af náttúrunnar hendi hafi áður fyrr þjónað sem brú yfir Hvítá. Á jólum, endur fyrir löngu, hélt heimilisfólk í Hraunsási til kirkju á Gilsbakka í Hvítársíðu sem er bær hinum megin við fossinn. Tveir ungir strákar voru skildir eftir á Hraunsási. Þeim leiddist og veittu heimilisfólkinu eftirför. Er þeir komu á steinbogann litu þeir niður, misstu jafnvægið og féllu í ána. Eftir það lét húsfrúin að Hraunsási höggva bogann niður.

Formfögur Eldborg

Eldborg í Hnappadal er gjallgígur, 38 km fyrir norðan Borgarnes. Gígurinn, sem tilheyrir eldstöðvakerfi Ljósufjalla, rís 100 m yfir sjávarmáli en 60 m yfir hrauninu í kring og er stærstur gíga í stuttri gossprungu.

Gígurinn er formfagur, sporöskjulaga eldgígur með bröttum gígveggjum mynduðum úr þunnum hraunskánum, um 200 m að lengd og 50 m á dýpt. Hann myndaðist fyrir 5-8000 árum. Hugsanlegt er að gosið hafi þar á landnámsöld samvæmt lýsingu þar. Eldborg var friðlýst 1974.

■ Hægt er að ganga upp á gígbarm Eldborgar, 2,5 km leið sem er merkt og stikuð frá bænum Snorrastöðum. Þar fást einnig allar frekari upplýsingar.



■ Frábær útsýn er yfir Faxaflóann úr Guðlaugu.

Unaður á Akranesi

Á Langasandi á Akranesi er hægt að baða sig í sjónum og njóta útsýnisins í Guðlaugu sem er heit laug, staðsett í grjótgarðinum á Langasandi.

Guðlaug er á þremur hæðum en þriðja hæðin er útsýnispallur, þar undir á annarri hæð er heit setlaug og sturtur ásamt tækjarými og á fyrstu hæð er grunn vaðlaug. Á milli hæðanna eru tröppur sem einnig mynda tengingu á mill bakkans og fjörunnar. Guðlaug er skilgreind sem náttúrulaug/afþreyingarlaug sem er opin allt árið um kring. Búningsklefar eru á staðnum og útisturtur.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

KJARNAÐU ÞIG Í KRAUMA

Í **Krauma náttúrulaugum** kemstu í beina snertingu við kjarna íslenskrar náttúru þegar þú baðar þig upp úr hreinu og tæru vatni úr Deildartunguhveri sem er kælt með vatni undan öxlum Oks.

Fimm heitar laugar og ein köld umvefja þig með hreinleika sínum sem er tryggður með miklu vatnsrennsli og engum sótthreinsandi efnum.

Njóttu þín í gufuböðum og útisturtum eða í hvíldarherberginu við snark úr arineldi og fullkomnaðu daginn með notalegri stund á veitingastaðnum okkar sem býður upp á dýrindis rétti úr fersku hráefni úr héraði.

Láttu líða úr þér í náttúrulegu umhverfi.



KRAUMA

Bókaðu á netinu – krauma.is

kraumageothermal
kraumageothermal

+354 555 6066
Deildartunguhver, 320 Reykholt

Upplifun undir Dalanna sól

Ostar, skyr og kátar kýr – og kátir krakkar!

Þeir sem leið eiga um Dalina þurfa endilega að kíkja við á Rjómabúinu Erpsstöðum. Það er ferðaþjónustubýli sem leggur áherslu á menningartengda ferðaþjónustu og matarupplifun en þar er einnig í boði ýmiss konar afþreying. Nú í sumar eru 15 ár frá því að Rjómabúið varð til og gestamóttaka hófst í fjósinu á Erpsstöðum, sem þá var nýbyggt.

Hjónin Þorgrímur Einar Guðbjartsson og Helga Elínborg Guðmundsdóttir reka Rjómabúið en þau hafa verið bændur á Erpsstöðum frá árinu 1997. Á býlinu hefur verið hefðbundinn kúabúskapur í áratugi, og er enn, en árið 2009 var þar komið á laggirnar öflugri heimaframleiðslu á mjólkurafurðum. Má þar helst nefna rjómaís, sjálfsíað sveitaskyr, úrvals-osta og skyrkonfekt.

Íslensk hráefni í matargerð

Í gestamóttökunni sem staðsett er í fjósinu á Erpsstöðum geta ferðalangar fræðst um landbúnaðinn og lifnaðarhætti í sveitinni. Þar er einnig verslun sem selur vörur frá Erpsstöðum og frá öðrum aðilum á svæðinu, bæði matvörur og handverk.

Mjólkurkýrnar á Erpsstöðum búa við bestu hugsanlegu aðstæður. Þær ganga inn og út úr fjósinu þegar þær vilja yfir sumarið og fara í mjaltir í mjaltaþjóninum þegar þeim hugnast það. Undir sama þaki framleiða bændurnir afurðir sínar af kostgæfni með það að markmiði að opna nýjar víddir í upplifun á mjólkurafurðum.

Fyrsta sumarið eftir stofnun Rjómabúsins var einungis framleiddur og seldur ís beint frá býli á Erpsstöðum en síðan þá hafa ábúendur stöðugt aukið við framleiðsluna. Í dag framleiðir Rjómabúið gamaldags skyr, ýmsar tegundir af ostum og fjölbreytt úrval af rjómaísnum Kjaftæði.

Sérstaklega eru vinsælir þeir rjómaísar sem geyma alíslensk bragðefni, s.s. bláberjaís, rabbarbaraís, mjaðjurtaís, fíflasýrópsís og skyrís. Þá framleiðir Rjómabúið einnig kex, sultur, sýróp og drykki, m.a. Islandus mysudrykk, sem hlotið hefur mikið lof matgæðinga en allt er þetta unnið úr íslensku hráefni.

Skyrkonfekt Rjómabúsins var þróað í samvinnu við Matís og nemendur í hönnun við Listaháskóla Íslands í verkefninu „Stefnumót hönnuða og bænda" sem var í gangi um 2010-2012.

■ **Rjómabúið framleiðir og selur gamaldags skyr, ýmsar tegundir af ostum og er með fjölbreytt úrval af rjómaísnum Kjaftæði.**

■ **Börnin laðast að dýrunum.**

Tilvalið stopp fyrir barnafjölskyldur

Á Erpsstöðum er áhugaverð sögusýning um hefðbundna íslenska skyrið. Sýningin var unnin í samstarfi við Matís út frá hugmyndafræði ÉCO-NOMUSÉE®, samtaka handverksfyrirtækja sem viðurkennd eru fyrir gæði sín og sérstöðu. Skyrið á Erpsstöðum er selt án nokkurs viðbætts bragðefnis og sætuefna en ýmist eru í versluninni einnig til sölu skyrkökur eða aðrar matvörur úr skyri.

Erpsstaðir hafa síðustu ár stórvaxið sem áningarstaður fyrir barnafjölskyldur. Þar er skemmtilegt útisvæði með ærslabelg, trampólíni, fótboltavelli, róluum og öðrum leiktækjum. Dýrin eru einnig vinsæl hjá börnum og fullorðnum en gestum býðst að skoða fjósið, kýrnar og kálfana.

■ **Mjólkurafurðirnar framleiddar af kostgæfni.**

■ **Húsdýrin vekja alltaf áhuga gesta, barna sem fullorðinna.**

Þá eru úti við ýmis smádýr eins og kanínur, hænur og gæsir, auk annarra húsdýra svo sem kálfa, geita og tveggja grísa sem eru að mestu aldir upp á osta- og skyrmysu sem fellur til við framleiðsluna hjá Rjómabúinu.

Það verður enginn svikinn af því að stoppa um stund á Erpsstöðum.

erpsstadir.is

Helga Reynisdóttir
Ljósmóðir og talskona umferðaröryggis barna

Hvaða öryggisatriði skipta þig mestu máli þegar þú keyrir af stað?

Dekkin eru eini snertiflötur þinn við veginn í akstri og einn mikilvægasti öryggisbúnaður bílsins. Ekki keyra á hverju sem er með allt þitt meðferðis.

Bókaðu tíma í dekkjaskipti á klettur.is og fáðu þér vönduð dekk frá Goodyear undir bílinn.

Þú finnur verkstæðin okkar á eftirfarandi stöðum:

- Klettagörðum
- Hátúni
- Lynghálsi
- Suðurhrauni

GOODYEAR

KLETTUR

KLETTAGÖRÐUM 8-10 — 104 REYKJAVÍK — 590 5100 — KLETTUR.IS

■ Hellulaug er 38°C heit og þar er gott að láta ferðaþreytuna líða úr sér.

Unaðsleg laug við Flókalund

Hellulaug er ein af fjölmörgum heitum laugum Vestfjarða en hún er 400-500 metrum innan við þjónustumiðstöðina í Flókalundi. Ekið er niður að lauginni af þjóðveginum og er þar stórt afmarkað bílastæði. Laugin er staðsett neðan við barðið í fjöruborðinu. Betra er að ganga niður að lauginni að austanverðu.

Ekki er búningsaðstaða við Hellulaug en hægt er vað leggja frá sér fötin á klappirnar. Laugin er í gjótu eða vík inn í klappirnar og hefur verið grjóthlaðið og steypt fyrir víkina og þannig mynduð 3x4 metra laug sem er um 60 sentímetra djúp, með 38 gráðu vatnshita. Í lauginni er fínn malarbotn og gruggast laugin lítið við notkun. Hellulaug er friðuð eins og eyjar og fjörur Breiðafjarðar. Ekkert kostar að dýfa sér ofan í.

Upplifðu Vestfirði // westfjords.is

Vigur er ein þriggja eyja á Ísafjarðardjúpi og liggur úti fyrir mynni Skötufjarðar og Hestfjarðar. Hún er löng og mjó og dregur nafn af lögun sinni, en orðið vigur merkir spjót. Vaxandi ferðaþjónusta er á eynni og eru erlendir ferðamenn sífellt tíðari gestir.

Söfn á Vestfjörðum hafa aðdráttarafl. Mörg þeirra eru nokkuð hefðbundin og má þar nefna bóka-, lista- og minjasöfn. Önnur eru óhefðbundnari og eru sem dæmi tileinkuð göldrum, skrímslum og ýmsu öðru forvitnilegu.

Bolafjall er frábær útsýnisstaður fyrir ofan Bolungarvík og er fjallið einn helsti viðkomustaður ferðamanna á norðanverðum Vestfjörðum. Þaðan er stórbrotið útsýni til Hornstranda og yfir Jökulfirði og Ísafjarðardjúp.

Drangaskörð eru eitt helsta kennileiti Vestfjarða. Þau eru í Árneshreppi á Ströndum og sjást best úr fjarlægð frá Reykjanesi við bæinn Munaðarnes. Af þeim dregur Drangajökull nafn sitt.

Neðstikaupstaður á Ísafirði er þyrping gamalla húsa og þar er Byggðasafn Vestfjarða. Í svokölluðu Turnhúsi hefur verið sett upp sýning á sjóminjum og utan við safnið er fiskreitur, eldsmiðja, slippur og nokkrir bátar.

Dynjandi í botni Arnarfjarðar fellur niður um 100 metra hátt og bungumyndað berg. Fossarnir í Dynjanda eru sex. Efst er Fjallfoss, þá Hundafoss, Strokkur, Göngumannafoss, Hrísvaðsfoss og Sjóarfoss.

Certified B Corporation

VERSATILE BY NATURE

THE ORIGINAL MULTIFUNCTIONAL SEAMLESS NECKWEAR TRUSTED BY ADVENTURERS SINCE 1992.

The most versatile accessory ever. Soft on the skin, easy to stretch. Made from recycled plastic bottles, delivering UPF 50 sun protection and wearable in more than 12 different ways. Created for the outdoors, designed for everyday life.

MADE IN BARCELONA

buff.com

BUFF® is a registered trademark property of Original Buff, S.A. (Spain)

Hinn rauði Rauðisandur

Ein af náttúruperlum Vestfjarða sem heillar jafnt innlenda sem erlenda ferðamenn er Rauðisandur sem er fyrir austan Látrabjarg, sunnarlega á Vestfjörðum. Náttúran sér hér algjörlega um að lita sig sjálf því rauðleitan litinn fær sandurinn af skeljum hörpudisks sem mikið er af í Breiðafirði.

Það skemmtilega við Rauðasand er að liturinn getur verið misjafn eftir því hvernig birtan er. Þannig getur sandlengjan virst gulleit, stundum rauð og allt yfir í það að sýnast svört. Mælt er með því að heimsækja Rauðasand á háfjöru og nota þá tækifærið og rölta um sandinn, fanga víðáttuna og njóta útsýnisins. Frá Rauðasandi má þannig sjá að Snæfellsnesi í góðu skyggni og þá blasir vitanlega hinn tignarlegi Snæfellsjökull við.

Við Rauðasand er Franska kaffihúsið sem opnað var árið 2006. Þaðan er fallegt útsýni hvert sem litið er en sex þúsund gestir heimsóttu það síðasta sumar.

■ Best er að heimsækja Rauðasand á háfjöru og tilvalið að fá sér góðan göngutúr.

Vigur – heillandi heimur

Vigur er ein þriggja eyja á Ísafjarðardjúpi og liggur úti fyrir mynni Skötufjarðar og Hestfjarðar. Hún er löng og mjó og dregur nafn af lögun sinni, en orðið vigur merkir spjót. Í Vigur var löngum stundaður heilsársbúskapur en nú eru þar engar kýr lengur. Þar eru þó enn nýtt hlunnindi, þ.e. æðarvarp og fuglatekja. Til þess að komast út í Vigur þá þarf að taka bát frá Ísafirði en ferðirnar eru skipulagðar daglega.

Lundi, æðarfugl og kría eru helstu fugarnir á eynni og eitt helst aðdráttaraflið. Lundinn er búinn að koma sér svo vel fyrir í eyjunni að hann er búinn að grafa hana nánast í sundur. Ferðamönnum sem ferðast um eyjuna er því bent á að fylgja stígnum sem útbúinn hefur verið til þess að eiga ekki á hættu að detta ofan í lundaholur.

■ Lundi, æðarfugl og kría eru helstu fugarnir í Vigur.

■ Safnahúsið Ísafirði er í gamla sjúkrahúsinu á Eyrartúni.

Saga og söfn í Neðstakaupstað

Í heimsókn til Ísafjarðar er góð hugmynd að gefa sér tíma til að ganga um í Neðstakaupstað og í raun má segja að það sé allsherjar safnaskoðun því húsin eiga sér langa og stórmerkilega sögu sem hægt er að fræðast um. Nefna má Tjöruhúsið sem reist var árið 1781 sem vörugeymsla, Turnhúsið frá árinu 1784 og Smiðjuna þar sem rekin var málmsteypa og járnsmíði samhliða skipasmíði Marsellíusar Bernharðssonar.

Byggðasafn Vestfjarða er í Neðstakaupstað í einu af húsum einokunarverslunarinnar frá 18. öld. Safnið stendur fyrir og kemur að nýjum sýningum á hverju ári og hefur í áranna rás verið í samstarfi við ýmsa aðila, einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki með uppsetningu og ráðgjöf. Safnið er óþrjótandi brunnur gripa þegar kemur að sýningum og fræðslu um liðinn tíma og er fátt betra til skýringa en hluturinn sjálfur.

■ Tjöruhúsið í Neðstakaupstað.

nedsti.is

N1

Startaðu ferðasumrinu
með TUDOR
Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi
fyrir ferðalagið í sumar
Veldu
öruggt
start með
TUDOR
Sólarrafhlöður
fyrir húsbíla og hjólhýsi
SUMARTILBOÐ
Pakkarnir innihalda:
125w sólarrafhlöðu m/festingum, 5m kapal, stjórnstöð 10A
180w sólarrafhlöðu m/festingum, 5m kapal, stjórnstöð 20A
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
TUDOR
TUDOR
Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • NÝTT: vefverslun www.skorri.is

Ferðumst betur innanlands í sumar
Sólarrafhlöður, rafgeymar og fylgihlutir. 35-405w
12V LED-Ljós
12V LED-Perur
Kaffikanna og Vöfflujárn
fyrir gashellur
Gas-Vatnshitarar
11-14 lítra
Skynjarar fyrir ferðavagna
12V Ísskápar 50-222 lítra
Gas-Hellur
Gas-Ofnar
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Gas-Helluborð
Gas-Eldavélar
Bíldshöfði 12 • 110 Reykjavík • 577-1515 • www.skorri.is • Opið virka daga frá 08:15 til 17:30

■ Fornbílarnir vekja jafnan mikla athygli og áhuga bæjarbúa og gesta.

Mynd: Bílaklúbbur Akureyrar / Facebook

Fornbílahittingur á miðvikudagskvöldum

Akureyringar eru landsþekktir fyrir bílaáhuga sinn og státa af mörgum gullvagninum. Í sumar, líkt og undanfarin ár, verður svokallaður Fornbílahittingur við Menningarhúsið Hof á miðvikudagskvöldum en þetta er samstarfsverkefni Bílaklúbbs Akureyrar, Menningarhússins Hofs og atvinnu-, markaðs- og menningarmálateymis Akureyrarbæjar.

Eigendur fornbíla hittast kl. 20, keyra rúnt um miðbæinn og sýna svo glæsibifreiðar sínar við Hof til kl. 22. Allir eru velkomnir og enginn aðgangseyrir.

Upplifðu Norðurlandi // northiceland.is

Söfnin á Norðurlandi eru af margvíslegu tagi og víða tengd ferðaþjónustunni. Dæmi: Textílsafnið á Blönduósi, Síldarminjasafnið á Siglufirði, Safnasafnið á Svalbarðsströnd, Hvalasafnið á Húsavík, Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit, Gamli bærinn í Laufási og Vesturfarasetrið á Hofsósi.

Fuglalíf á Norðurlandi er afar fjölskrúðugt. Víða er góð aðstaða til að fylgjast með fuglum enda kjörlendi þeirra víða, t.d. Mývatnssveit, Svarfaðardalur, Grímsey, Rauðinúpur og Langanes svo einhver séu nefnd.

Bjórböðin á Árskógssandi eru víðfræg. Það er ekki amalegt að liggja 25 mínútur í baði sem er fyllt af bjór, vatni, humlum og geri. Eftir það tekur við slökun í innhverfri íhugun við lausn lífsgátunnar.

Vatnsnes er griðastaður fjölskrúðugs dýralífs og þar er að finna ein aðgengilegustu og stærstu sellátur á landinu, þar sem skoða má landseli í töluverðu návígi. Aðstaða til selaskoðunar hefur verið byggð upp á Illugastöðum, Svalbarði og Ósum.

Sundlaugar eru fjölmargar á Norðurlandi. Flestar eru útilaugar sem eru hitaðar með jarðhitavatni. Sundlaugarnar voru í fyrstu byggðar sem kennslulaugar en með árunum hefur verið bætt við þjónustuna með heitum pottum, eimböðum, gufuböðum, ljósabekkjum, vatnsrennibrautum, barna og busllaugum ásamt leiktækjum fyrir börn.

Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum er aflmesti foss í Evrópu, 44 metra hár og rúmlega 100 m breiður. Þeir eru ófáir, staðirnir eins og þessi, þar sem maður upplifir smæð mannsins eins skýrt og við þennan mikilfenglega foss.

Vatnsdalshólar eru einkennilegir ásýndum. Þeir eru í Húnaþingi og ná yfir rúmlega fjögurra ferkílómetra svæði. Hólarnir hafa verið taldir meðal þriggja náttúrufyrirbrigða á Íslandi sem væru óteljandi. Hin tvö eru vötnin á Arnarvatnsheiði og eyjarnar á Breiðafirði.

AKUREYRI
Það er eitthvað við hana
halloakureyri.is

Hrísey – perla Eyjafjarðar

Það er stutt sigling með ferjunni Sævari frá Árskógssandi yfir til Hríseyjar á Eyjafirði. Um leið og stigið er á land í Hrísey er eins og skipt sé yfir í slökunargírinn!

Margt er hægt að sjá og gera í Hríseyjarheimsókn. Þar er að finna veitingastað og verslun og hægt að bregða sér í sund, minigolf eða frisbígolf og hjólabrettabrautin og ærslabelgurinn draga börnin alltaf til sín. Þá er upplagt að skoða Hús Hákarla-Jörundar en þar er hægt að kynnast sögu Hríseyjar í máli og myndum auk þess sem þar má einnig fræðast um hákarlaveiðar. Safnið er opið daglega yfir sumartímann.

Gönguleiðir eru margar og skemmtilegar í Hrísey og tilvalið er að leggja leið sína á austurhluta eyjunnar þar sem sögð er vera önnur mesta orkulind landsins. Geislar friðar og elsku streyma frá fjallinu Kaldbaki sem gnæfir yfir austan fjarðarins. Upplýsingaskilti fyrir ferðamenn er á staðnum.

■ Í Húsi Hákarla-Jörundar er saga Hríseyjar sögð í máli og myndum.

hrisey.is

LINDEX

■ Suzuki LJ10 árgerð 1970. Fyrsti jeppinn sem Suzuki framleiddi.

■ Glæsilega endurbyggðar dráttarvélar.

Samgönguminjasafnið Ystafelli

Glæsibílar og djásn úr samgöngusögunni

Samgönguminjasafnið Ystafell í Þingeyjarsveit er eitt stærsta og elsta safn sinnar tegundar á Íslandi og einstakt sem slíkt. Safnið geymir margan glæsivagninn, bíla og önnur ökutæki af öllum gerðum og stærðum. Í sýningarhúsnæði safnsins eru nú um 100 ökutæki og eru mörg þeirra afar fágæt. Stöðugt bætast ný ökutæki og ýmsir munir við safngripina í Ystafelli og er safnið því síbreytilegt.

Nú í vor bættist í safnið Chevrolet árgerð 1928 sem verið hefur alla sína tíð á Espihóli í Eyjafjarðarsveit þangað sem hann kom nýr. Nú eru þeir hlið við hlið á safninu Espihólsbíllinn og Dixie Flyer árgerð 1919 sem eiga það sameiginlegt að hafa báðir verið í kvikmyndinni Landi og sonum sem tekin var upp fyrir 45 árum síðan.

■ Fyrir skömmu barst safninu þessi eldneytisdæla frá Shell en hún er ein af þeim allra fyrstu sem notuð var hér á landi.

■ Nýjasta viðbótin á safninu er þessi Chevrolet árgerð 1928 og hann er hér við hlið Dixie Flyer árgerð 1919. Báðir þessir bílar voru notaðir í gerð kvikmyndarinnar Land og synir fyrir 45 árum.

■ Ford Zephyr Zodiak, árgerð 1955 og við hlið hans Opel Rekord 1962.

Af öðrum fágætum gripum í Ystafelli má nefna eintak af DeLorian, árgerð 1981 Yfirbygging bílsins er öll úr ryðfríu stáli en af þessum bílum voru framleidd um 8.500 eintök á árunum 1981 og 1982 en þeir seldust ekki eins og vonir stóðu til. Hins vegar breyttist það skyndilega þegar DeLorian var í aðalhlutverki í myndinni „Back to the future".

Í stuttu mál er sjón sögu ríkari í heimsókn á Samgönguminjasafnið Ystafelli. Fágætir fólksbílar, jeppar, bílar frá stríðsárunum á Íslandi, dráttarvélar, snjóbíll, skriðdreki, vinnuvélar, vörubílar, mótorhjól og þannig mætti lengi telja. Enginn bílaáhugamaður lætur þetta safn fram hjá sér fara.

Opið er á Samgönguminjasafninu Ystafelli alla daga kl. 11-18 til loka september.

ystafell.is

Draumablár DAGAR í Dalvíkurbyggð

N1

■ Tilkoma Vaðlaheiðarganga hefur skilað um 80% fækkun umferðarslysa á leiðinni milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals.

Vaðlaheiðargöng stytta leið og auka öryggi

Vaðlaheiðargöng milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals voru opnuð í árslok 2018 og fara þúsundir bíla um göngin daglega enda flýta þau mjög fyrir fólki á ferð um Norðurland, jafnframt því að stórauka umferðaröryggi. Göngin eru 7,5 kílómetrar að lengd og eru upplýsingaskilti á útskotum beggja vegna ganganna þar sem hægt er að sjá verðskrá þegar greitt er af síðunni www.veggjald.is eða www.tunnel.is. Allar nánari upplýsingar er að finna á sömu vefsíðum.

Einfalt að greiða fyrir ferðir

Á vefsíðunni veggjald.is eru keyptar stakar ferðir í göngin og einnig er þar boðið upp á að stofna aðgang, skrá greiðslukort og bílnúmer og njóta afsláttarkjara. Auðvelt er einnig að hlaða niður veggjaldsappinu í símann og þar er hægt með sama hætti að skrá inn ökutæki, greiða ferðir og kaupa fyrirframgreiddar ferðir. Ef ekið er um göngin án skráningar er gjald fyrir notkun innheimt með rukkun í heimabanka eiganda/umsjónarmanns ökutækis, ásamt 500 kr. innheimtugjaldi.

Hvorki þarf að skrá né greiða fyrir aftanívagn, eingöngu ökutækið sem dregur. Einnig geta ökumenn bifhjóla ekið göngin án endurgjalds. Stök ferð í Vaðlaheiðargöng kostar 1.990 kr. fyrir fólksbíl.

80% fækkun slysa

Á þeim árum sem liðin eru frá opnun Vaðlaheiðarganga hafa engin umferðarslys orðið í þeim. Göngin eru samgönguvalkostur í stað Víkurskarðs og sýna tölulegar upplýsingar að tilkoma ganganna hefur fækkað umferðarslysum á Víkurskarðsleiðinni um 80% ef borin eru saman tímabilin 2014-2018 annars vegar og hins vegar árabilið 2019-2023, þ.e. eftir að Vaðlaheiðargöng komu til sögunnar.

Vert er að hvetja ökumenn til að sýna fyllstu aðgát nú þegar sumarumferðin nær hámarki. Minnt er á að hámarkshraði í Vaðlaheiðargöngum er 70 km/klst og er æskilegt að bil á milli ökutækja sé ekki minna en 50 metrar.

■ Upplýsingaskilti um greiðsluleiðir veggjalds eru beggja vegna ganganna.

veggjald.is

N1

Velkomin í Eyjafjarðarsveit

kyrrð við bæjardyrnar

www.esveit.is/velkomin

Eigðu frábært sumarfrí í Skagafirði

Skagafjörður er kjörinn ágangastaður fyrir ferðamenn enda margt að gera og upplifa fyrir alla fjölskylduna. Sögustaðir eru við hvert fótmál, söfn, sýningar, afþreying, veitingastaðir, gististaðir og tjaldstæði og síðast en ekki síst sundlaugarnar. Útivistarmöguleikarnir eru endalausir í fallegu landslagi; Drangeyjarferðir, flúðasiglingar, reiðtúrar, gönguferðir fyrir alla fjölskylduna, hjólatúrar og sólsetur sem gerist ekki fallegra.

■ **Byggðasafnið í Glaumbæ er vert að heimsækja.**

■ **Sturlungaöldin í sýndarveruleika á sýningunni 1238 á Sauðárkróki.**

Fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar

Skagafjörður býr yfir ríkum menningararfi og mörgum náttúruperlum. Ketubjörg á Skaga, Staðarbjargavík á Hofsósi, Litli Skógur á Sauðárkróki, Reykjarhóll í Varmahlíð, Reykjafoss og Grettislaug eru fjölsóttar náttúruperlur. Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ ætti enginn að láta fram hjá sér fara, en bærinn í Glaumbæ er samstæða þrettán torfhúsa. Fjölmargar aðrar sýningar og sögustaðir eru í Skagafirði: Sýndarveruleikasýningin 1238 þar sem frægustu atburðir Sturlungaaldarinnar, blóðugasta tímabili Íslandssögunnar, eru sviðsettir í sýndarveruleika. Víðimýrarkirkja, Gamla hesthúsið á Lýtingsstöðum, Vesturfarasetrið á Hofsósi, Fornbílasafnið í Stóragerði, Hóladómkirkja, Sögusestur íslenska hestsins á Hólum, sögu- og listarsýningin í Kakalaskála, húsdýragarðurinn á Brúnastöðum í Fljótum og svo mætti lengi telja.

Fjölskylduvænar sundlaugar

Líkt og víðar á landinu eru sundlaugar í Skagafirði meðal fjölsóttari viðkomustaða ferðamanna á sumrin. Á því sviði hafa þeir úr mörgu að velja í Skagafirði og má fyrst nefna hina rómuðu og margverðlaunuðu sundlaug á Hofsósi. Í Varmahlíð er einnig fjölskylduvæn sundlaug með rennibrautum og á Sauðárkróki teljast heitu pottarnir með þeim betri á landinu. Tjaldstæði eru í Varmahlíð, á Sauðárkróki, Hofsósi, Hólum og Steinsstöðum.

visitskagafjordur.is

■ **Sundlaugin á Hofsósi er rómuð og margverðlaunuð.**

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

jardbodin.is

Jarðböðin við Mývatn

– Náttúrulind á heimsmælikvarða sem fagnar 20 ára afmæli

Jarðböðin við Mývatn fagna 20 ára afmæli í ár en þau voru opnuð eru í Jarðbaðshólum,um 4 km frá Reykjahlíð, sumarið 2004. Sá staður var ekki valinn af handahófi því þar hafa verið stunduð heit jarðböð til heilsubótar allt frá landnámsöld. Jarðböðin eru staður fyrir þá sem njóta þess að vera í beinni snertingu við náttúruna, slaka á og endurnæra líkama og sál. Þau eru sannkölluðnáttúrulind á heimsmælikvarða.

Einstök efnasamsetning

Í Jarðböðunum er boðið upp á náttúruleg gufuböð, baðlón með heitu hveravatni, heitan pott og bar úti í lóninu. Öll aðstaða fyrir gesti er góð, búningsklefar með læstum skápum, útiklefar og góðar sturtur. Hægt er að leigja sundfatnað, handklæði og baðsloppa. Sjálft baðlónið er manngert og botninn þakinn sandi og fíngerðri möl. Vatnið er mjög steinefnaríkt og basískt og því frábært til böðunar. Það er einnig silkimjúkt viðkomu og ýmislegt bendir til þess að vatnið hafi jákvæð áhrif á húðvandamál. Vatnið er brennisteinsríkara en almennt þekkist og er talið hafa góð áhrif á astma og aðra öndunarfærasjúkdóma.

Kaffi Kvika

Gestir Jarðbaðanna geta sest niður fyrir eða eftir bað og notið léttra veitinga í opnum og björtum sal. Á sólardögum er upplagt að setjast á útisvæðinu, fá sér súpu og salat og njóta góða veðursins. Á hverjum degi er meðal annars boðið upp á súpu dagsins ásamt nýbökuðu brauði, nýsmurðum samlokum, ostaboxum, ávaxtasalati, fersku salati og hverabrauði með reyktum silungi. Kaffivélin er í gangi allan daginn og alltaf má finna bakkelsi við hæfi.

Ný aðstaða opnuð 2025

Fram undan eru afskaplega spennandi tímar í Jarðböðunum þar sem stefnt er á að opna nýja aðstöðu árið 2025. Lónið verður einnig stækkað og aðlagað að nýbyggingunni. Allt eru þetta liðir í að nútímavæða aðstöðuna, auka ánægju og upplifun gesta, hækka þjónustustigið og bæta starfsumhverfi.

Upplýsingar um opnunartíma, verð og fleira má finna á heimasíðunni jardbodin.is og það er eindregið mælt með því að bóka fyrirfram, til að tryggja sér miða.

Jarðböðin við Mývatn

Jarðbaðshólum
Sími 464-4411

info@jardbodin.is
www.jardbodin.is
#myvatnnaturebaths
#jardbodin

■ Vatnið í Jarðböðunum er steinefnaríkt, basískt og brennisteinsríkt og því frábært til böðunar og heilsubótar.



■ Kaffi Kvika er notalegt kaffihús sem býður upp á létta rétti og hægt að snæða utandyra og njóta góða veðursins í Mývatnssveit!

■ Í Jarðböðunum í Mývatnssveit er auðvelt að vera í beinni snertingu við náttúruna.

Hátíðir og uppákomur á Akureyri í allt sumar

■ Sumardagur við Pollinn. Mikil dagskrá er í boði á Akureyri í allt sumar.

Akureyri er eitt allra vinsælasta byggðarlag landsins hjá innlendu sem erlendu ferðafólki, árið um kring. Bærinn iðar af mannlífi, státar af fjölbreytu menningrlífi, einni bestu sundlaug landsins, viðburðum, hvers konar, söfnum, fyrirtaks veitingastöðum og þannig mætti lengi telja. Og að sjálfsögðu róma heimamenn eyfirsku veðurblíðuna, náttúrufegurð og óþrjótandi útivistarmöguleika með göngu- og hjólreiðastígum í bænum og næsta nágrenni hans.

Upplýsingamiðstöð í Hofi

Ferðafólki er bent á að heimsækja upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Menningarhúsinu Hofi sem opin er alla daga fram í miðjan október. Þar eru veittar upplýsingar um valkosti þeirra sem sækja Akureyri heim, sem og það sem í boði er í Hrísey og Grímsey sem eru hluti af sveitarfélaginu Akureyri. Í upplýsingamiðstöðinni má fá kort, bæklinga og ábendingar frá starfsfólki.

Listasumar í fullum gangi

Menningarhátíðin Listasumar hefur lengi verið einn af stærstu sumarviðburðum Akureyrar en dagskrá hátíðarinnar hófst þann 6. júní og stendur til 20. júlí. Dagkrána prýða sem fyrr fjölbreyttar uppákomur, listasmiðjur og upplifanir fyrir bæjarbúa og gesti en fylgjast má með dagskránni á viðburðasíðunni visitakureyri.is

Ein með öllu og Sumarleikar

Um verslunarmannahelgina, nánar til tekið dagana 1.-4. ágúst, verður hin árlega hátíð Ein með öllu. Að vanda verður boðið upp á þétta dagskrá og fjölda viðburða þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Meðal þess sem er í boði er tívolí, barnaskemmtun, Óskalagatónleikar í Akureyrarkirkju, markaðsstemning í miðbænum, fjáröflunarviðburðurinn „Mömmur og möffins" og „Spariton-leikar" á lokakvöldinu sem eru stærstu tónleikar hátíðarinnar. Þar koma fram þekktir söngvarar, hljómsveitir og upprennandi stjörnur. Hátíðinni lýkur svo með glæsilegri flugeldasýningu.

■ Utanvegahlaupið Súlur Vertical er stöðugt að vinda upp á sig og er nú með sex mismunandi vegalengdir og erfiðleikastig.

■ Akureyri er það byggðarlag landsins sem nýtur hvað mestra vinsælda ferðafólks.

Samhliða Einni með öllu eru Íslensku Sumarleikarnir haldnir þar sem m.a. fer fram Kirkjutröppuhlaupið við Akureyrarkirkju, strandhandboltamót í Kjarnaskógi, hópkeyrsla mótorhjólaklúbbsins Tíunnar og þríþrautarkeppni á Hrafnagili.

Nánar á einmedollu.is

Sex hlaup í Súlur Vertical

Hið vinsæla utanvegahlaup Súlur Vertical hefur undið upp á sig síðustu ár og verður á sínum stað um verslunarmannahelgina. Hlaupin eru í reynd sex talsins og ná til allra aldurshópa og mismunandi getustiga. Krakkahlaup er í Kjarnaskógi en það lengsta er Gyðjan,100 kílómetra hlaup frá Goðafossi, yfir Vaðlaheiði, upp á Súlur og inn á Glerárdal en hlaupinu lýkur í miðbæ Akureyrar. Tröllið er 43 km fjallahlaup á Súlur og inn á Glerárdal, Súlur er líkt og nafnið bendir til 29 kílómetra hlaup á Súlur og Fálkinn er 19 kílómetra stígahlaup sem er á færi flestra. Öll verða þessi hlaup dagana 2. og 3. ágúst.

Nánar á sulurvertical.is

■ Lystigarðurinn er ein af perlum Akureyrar.

Akureyrarvaka á sínum stað

Dagana 30. ágúst - 1. september verður menningarhátíðin Akureyrarvaka sem jafnan er haldin sem næst afmælisdegi Akureyrarbæjar sem er 29. ágúst. Hátíðin verður að vanda fjölbreytt og full af fjölbreyttum uppákomum og upplifunum þar sem gestir og bæjarbúar njóta viðburða saman.

visitakureyri.is
visitgrimsey.is
hrisey.is

■ Sýning ÁLFkvenna við kaffihúsið Lyst.

ÁLFkonur sýna í Lystigarðinum

ÁLFkonur er félagsskapur kvenna á Akureyri sem hefur ljósmyndun að áhugamáli og hefur hópurinn í rúman áratug verið með ljósmyndasýningu á sumrin við kaffihúsið Lyst í Lystigarðinum á Akureyri.

Sýning sumarsins 2024 ber yfirskriftina Mannlíf þar sem mannlífið og fjölbreytileg viðfangsefni fólks í björtu norðrinu eru umfjöllunarefni ljósmyndaranna.

Þrettán konur eiga myndir á sýningunni en þetta er einmitt þrettánda árið sem sýningin er í Lystigarðinum. Hún er öllum opin sem sækja Lytigarðinn heim.

Samgönguminjasafnið Ystafelli

Einstakt safn farartækja úr íslenskri samgöngusögu

Sjón er sögu ríkari!

Opið daglega kl. 11-18 (til loka sept.)

Aðgangseyrir er 1.500 krónur
frítt fyrir yngri en 12 ára.

Samgönguminjasafnið Ystafelli

Ystafelli 3 – 641 Húsavík
Sími 861 1213
www.ystafell.is – sverririfelli@gmail.com

Ævintýrin byrja í Fjallabyggð

Byggðarlögin Ólafsfjörður og Siglufjörður mynda sveitarfélagið Fjallabyggð og tengja Héðinsfjarðargöng þau saman. Með göngunum er Héðinsfjörður kominn í alfaraleið og Tröllaskagi orðinn ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna að sumri sem vetri. Hér er að finna fjölbreyttar gönguleiðir, fjölskrúðugt fuglalíf og mikla afþreyingarmöguleika eins og miðnætursiglingar, sjósund, kajakróður, jet ski, brimbretti og margt fleira tengt hafi og strönd.

■ Á Siglufirði er sagan við hvert fótmál og náttúran einstök.

Áhugaverð náttúra

Margt áhugavert er að skoða í Fjallabyggð. Skógræktin á Siglufirði er sannkölluð náttúruperla, hvort sem er að vetri eða sumri. Þar er kjörið að ganga um stíga eða njóta sín á bekkjum eða í lautarferð. Tveir 9 holu golfvellir eru í Fjallabyggð, annars vegar Skeggjabrekkuvöllur í Ólafsfirði og hins vegar Golfvöllurinn á Siglufirði. Ólafsfjarðarvatn er á náttúruminjaskrá, enda mjög sérstakt náttúrufyrirbrigði þar sem ferskt vatn flýtur ofan á söltu. Vegna þessara eiginleika vatnsins veiðast þar margar sérstakar fisktegundir. Vinsælt er að ganga eða hjóla í kringum vatnið, en það er um 13 km leið. Snjóflóðavarnargarðarnir á Siglufirði er annað fyrirbæri sem vert er að minnast á en þeir voru vígðir árið 2009 og hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir góða hönnun og eru áhugaverðir sem gönguleið við allra hæfi.

Blómlegt menningarlíf

Í Fjallabyggð er einnig blómlegt menningarlíf. Fjölda veitingahúsa með fjöl-

■ Smábátahöfnin og glæsilegt Sigló Hótel.

■ Gönguleiðir Tröllaskagans eru fjölbreyttar í meira lagi.

breytta matseðla er að finna og gistimöguleikar miklir. Einnig eru nokkur gallerí og listamannavinnustofur sem áhugavert er að heimsækja og svo má ekki gleyma söfnum og setrum. Þar má nefna stærsta og án efa vinsælasta viðkomustað ferðamannsins; Síldarminjasafnið, sem er eitt stærsta sjóminja- og iðnaðarsafn landsins. Á Ljóðasetri Íslands á Siglufirði er hægt að kynna sér strauma og stefnur í íslenskum kveðskap allt frá landnámsöld til okkar tíma og í Pálshúsi, Náttúrugripasafni Ólafsfjarðar, er að finna mikið safn fugla sem tilheyra flestum þeim fuglategundum sem er að finna á Íslandi auk fjölda annarra gripa. Í Þjóðlagasetrinu eru íslensk þjóðlög kynnt á aðgengilegan og skemmtilegan hátt. Þar er boðið upp á myndbönd af fólki á öllum aldri sem syngur, kveður eða leikur á hljóðfæri.

■ Listasmiðjur og gallerí laða að gesti og gangandi.

Líf og fjör í Fjallabyggð

Óvíða finnast jafn fjölbreyttir og skemmtilegir möguleikar til þess að láta sér líða vel í jafn fallegu umhverfi og afslöppuðu andrúmslofti og er í Fjallabyggð. Um verslunarmannahelgina er jafnan líf og fjör á Siglufirði og í Ólafsfirði verður tónlistarhátíðin Berjadagar en þar er á ferðinni klassísk tónlistarhátíð sem laðar að fjöldann allan af fólki. Í september er það svo Ljóðahátíðin Haustglæður á Siglufirði en þá sækja landsþekkt ljóðskáld og aðrir listamenn Siglufjörð heim.

fjallabyggd.is
visittrollaskagi.is

Sturlungaöld í sýndarveruleika

1238 – Baráttan um Ísland er sýning sem fjallar um þau miklu átök sem áttu sér stað hér á landi á árunum 1220-1262 á tímabili sem kennt er við Sturlunga. Þar geta gestir beinlínis stigið inn í atburðarrás Sturlungaaldar og barist við hlið víkinganna. Þessi ótrúlega upplifun fer fram í gömlu húsi við Aðalgötu á Sauðárkróki, skammt frá smábátahöfninni. Svona sýning á vissulega heima í Skagafirði því þar er einmitt sögusvið frægustu atburða sögunnar þar sem höfðingjar börðust um völd og yfirráð – og Íslendingar glötuðu sjálfstæði sínu.

■ Sýningin hentar öllum aldurshópum og er frábær fjölskylduskemmtun.

■ Á sýningunni má sjá margt góðra gripa.

■ Barist með víkingum í Örlygsstaðabardaga.

Lifandi söguupplifun

Sýningin 1238 er lifandi sögstund sem er engri lík. Þar gefst gestum tækifæri til að ferðast aftur í tímann með hjálp sýndarveruleika og taka þátt í sögulegum bardögum sem háðir voru í Skagafirði á Sturlungaöld. Á sýningunni eru textar, myndir, munir og búningar, en sérstaðan er fólgin í notkun nýjustu tækni í miðlun menningararfsins. Þá er hægt að fletta gagnvirkri bók, spila tölvuleik í spjaldtölvum, þar sem Flóabardagi er endurgerður, ásamt því að berjast í Örlygsstaðabardaga í gegnum sýndarveruleika. Að auki er svo hægt að skella sér í búning og smella af nokkrum skemmtilegum myndum í víkingastíl!

Fjölskyldufjör

Sýningin hentar öllum aldurshópum og er frábær skemmtun fyrir einstaklinga, fjölskyldur, vinahópa og skóla. Hvort sem hópurinn er lítill eða stór þá geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

Grána Bistro

Húsnæði 1238 er gamalt kaupfélagshúsnæði og í uppgerðri gamalli verslun-inni má gæða sér á ljúffengum veitingum frá Gránu Bistró, kaffihúsi og veitingastað í húsnæði sýningarinnar. Í Skagafirði er rík hefð fyrir matvælaframleiðslu og þar er að finna bæði stóra sem smáa framleiðendur. Á Gránu Bistró er því lögð áhersla á gæðahráefni úr heimahéraði og með vísan til skáldsagna hinnar skagfirsku Guðrúnar frá Lundi er svo auðvitað freistandi að fá sér sætindi með kaffibollanum!

Upplýsingamiðstöð ferðamála

Í anddyri sýningarinnar má einnig finna Upplýsingamiðstöð ferðamála á Sauðárkróki.

1238.is

■ Gestir geta beinlínis stigið inn í atburðarrás Sturlungaaldar og barist við hlið víkinganna.

Fjallabyggð

Hátíðir í Fjallabyggð 2024

Velkomin til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar

JÚNÍ

SJÓMANNADAGSHÁTÍÐ
Ólafsfirði 1. - 3. júní

INTO LISTAHÁTÍÐ · Siglufirði 7. - 9. júní

BERJADAGAR TÓNLISTARHÁTÍÐ · Ólafsfirði
14. - 17. júní

ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGURINN · Lýðveldisafmæli
á Siglufirði og í Ólafsfirði 17. júní

JÚLÍ

ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐIÐ · Siglufirði 3. - 7. júlí

FJÓ LISTAHÁTÍÐ · Siglufirði 12. - 14. júlí

SÁPUBOLTINN · Ólafsfirði 19. - 20. júlí

TRILLUDAGAR · Siglufirði 27. júlí

ÁGÚST

SÍLDARÆVINTÝRI · Siglufirði 1. - 5. ágúst

FJARÐARHLAUPIÐ · Ólafsfirði 17. ágúst

MYNDASÖGUHÁTÍÐ · Siglufirði
30. ágúst - 1. sept.

SEPTEMBER

FJARÐARHJÓLIÐ · Ólafsfirði

HAUSTGLÆÐUR LJÓÐAHÁTÍÐ · Sept/okt

■ Í friðlandinu verpa yfir 30 tegundir fugla sem gerir svæðið að kjörlendi fuglaskoðunarfólks.

Friðland Svarfdæla – einstakt náttúrufar

Friðland Svarfdæla í Svarfaðardal er um 540 ha. að stærð, eða um 8 km², votlendissvæði beggja vegna Svarfaðardalsár, neðan frá sjó og fram að Húsabakka. Svæðið var friðlýst að frumkvæði landeigenda árið 1972 og er elsta votlendisfriðland landsins. Náttúrufar svæðisins skapar kjörlendi fyrir hinar ýmsu fuglategundir en víðáttumikið landflæmið skiptist í þurra árbakka og blautar mýrar með stararflóum, síkjum og gróðursælum seftjörnum.

Göngustígar og fuglaskoðunarhús

Frá Húsabakka er búið að leggja merktar, auðfarnar gönguleiðir um hluta friðlandsins þar sem hægt er að sjá upplýsingar um fugla og gróðurfar. Þar er einnig búið að setja niður fuglaskoðunarhús og flotbrýr til að auðvelda umferð um svæðið. Göngubrú liggur af svæðinu yfir Svarfaðardalsá og tengir saman friðlandið og Hánefsstaðarreit sem er skógarreitur með stígum og áningarstöðum.

Auk þess að ganga um friðlandið frá Húsabakka er einnig hægt að ganga merktan stíg frá Olís á Dalvík, stíg sem liggur umhverfis svokallaðan Hríshöfða við Hrísatjörn í mynni Svarfaðardals, en þar er einnig að finna skilti með upplýsingum um fugla og gróðurfar auk fuglaskoðunarhúss.

dalvik.is

Velkomin til Hríseyjar!

Hús Hákarla Jörundar

Opið alla daga 1. júní - 31. ágúst frá kl. 14:00-17:00

Í þessu elsta húsi Hríseyjar er búið að koma upp vísi að sýningu sem tengist hákarlaveiðum og sögu eyjarinnar

Þar er einnig hægt að nálgast upplýsingar um eyjuna og hvað hún hefur upp á að bjóða.

Allar nánari upplýsingar á hrisey@hrisey.net
Heimasíða www.hrisey.is

N1

80%

fækkun **umferðaslysa** eftir að göngin opnuðu

Öruggari leið í gegnum Vaðlaheiðargöng

Engin umferðaslys hafa orðið í göngunum á þeim fimm árum sem liðin eru frá opnun þeirra

- 2014-2018 **27 umferðaslys** þar af 4 alvarleg*
- 2019-2023 **5 umferðaslys** þar af 2 alvarleg*

*Heimild: Slysakort Samgöngustofu

VEGGJALD.IS
VAÐLAHEIÐARGÖNG

Þórhallur - effekt.is

■ Í Hrafnagilshverfi er m.a. sundlaug og vel búið tjaldstæði.

Mynd: Sigurgeir Sigurgeirsson.

Sæla í Eyjafjarðarsveit

Sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit hefur margt að bjóða ferðafólki. Stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins er Hrafnagilshverfi þar sem sundlaug er opin árið um kring og þar er einnig tjaldsvæði sem góðri aðstöðu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 1.100 og er landbúnaður stærsta atvinnugrein íbúa en einnig hefur byggst upp fjölbreytt ferðaþjónusta á síðustu árum.

Fjölbreytt gisting er í boði í sveitarfélaginu og afþreyging af ýmsu tagi. Í Kristnesi er Hælið þar sem er sýningin Hvíti dauði - saga berkla á Íslandi. Sýningin hefur algjöra sérstöðu í íslenskri safna- og sýningaflóru, áhrifarík frásögn af þessum sjúkdómi sem markaði djúp spor á sínum tíma í margar íslenskar fjölskyldur. Sýningin og kaffihúsið á Hælinu eru opin alla daga yfir sumarið.

Af öðrum áhugaverðum áningarstöðum á ferð um Eyjafjarðarsveit má nefna Holtsel þar sem í boði er heimagerður og ljúffengur ís. Einnig er hægt að kaupa nauta- og nautgripakjöt beint frá Holtselsbýlinu.

Verslanirnar Jólagarðurinn og Bakgarðurinn í jaðri Hrafnagilshverfis eru fyrir löngu orðnar landsþekktar fyrir vöruúrval sem hvergi er annars staðar að finna. Í senn verslunarstaður og upplifun fyrir gesti.

Smámunasafnið Sverris Hermannssonar í Sólgarði er sömuleiðis staður sem hefur algjöra sérstöðu á Íslandi og þó víðar væri leitað. Sverrir safnaði öllu milli himins og jarðar og því er safnið í senn minjasafn, landbúnaðarsafn, verkfærasafn, búsáhaldasafn, naglasafn, járnsmíðasafn, lyklasafn og meira til.

■ Smámunasafn Sverris Hermannssonar er í Sólgarði.

Í heimsókninni í Sólgarð er einnig tilvalið að virða fyrir sér nýjasta listaverk sveitarinnar; kúna Eddu sem er járnskúlptúr og listasmíð eldsmiðsins Beate Stormo í Kristnesi. Kýrin Edda er engin smásmíð, um þrír metrar á hæð og fimm metrar á lengd og er við hæfi að hún horfi af stalli sínum yfir blómlegan landbúnaðinn í Eyjafjarðarsveit.

■ Það er vel þess virði að skoða kúna Eddu, listaverk eftir Beate Stormo.

Fyrir þá sem vilja leggja áherslu á heilsuna á ferðalögum sínum má vekja athygli á fjölbreyttum göngu- og hjólaleiðum, bæði á láglendi og í fölskrúðugu fjalllendinu. Einn allra nýjasti baðstaður landsins, Skógarböðin, er í Eyjafjarðarsveit og óhætt er að segja að vellíðan og heilsa séu einnig í fyrirrúmi hjá Vökulandi Wellness.

Upplýsingar um þetta og margt annað í ferðaþjónustu í Eyjafjarðarsveit má fá í afgreiðslu sundlaugarinnar í Hrafnagilshverfi.

esveit.is

FÍ er stærsta lýðheilsufélag landsins

„Ferðafélag Íslands er ein af þessum traustu stofnunum samfélagsins, enda með mikla samfélagslega skírskotun. Félagið er ekki hagnaðardrifið og starfsemi þess gengur út að gera almenningi kleift að ferðast um landið, efla heilsu og vellíðan og sýna náttúrunni þá virðingu sem hún á skilið." Þetta segir Ólöf Kristín Sívertsen lýðheilsufræðingur og forseti FÍ en hún tók við stjórnartaumum í þessu fornfræga félagi í fyrir rúmu ári síðan.

■ **Ólöf Kristín Sívertsen lýðheilsufræðingur og forseti FÍ „Markmið og tilgangur félagsins ganga út á að gera fólki á öllum aldri kleift að efla líkamlega, andlega og félagslega heilsu sína og bæta þar með líðan og lífsgæði."**

Lýðheilsa og náttúra

Þótt Ólöf Kristín sé lýðheilsufræðingur, og hafi alla tíð haft mikinn áhuga á útvist, þá kynntist hún ekki Ferðafélaginu náið fyrr en fyrir um áratug þegar hún sá mikil tækifæri í samstarfi við FÍ í tengslum við heilsueflingu í heimabæ sínum. Hún vissi að lýðheilsa og náttúra væru einstaklega góður kokteill og leitaði því til stjórnenda FÍ. „Mér þykir afskaplega vænt um Ferðafélagið og gildin sem það stendur fyrir samræmast vel mínum eigin. Markmið og tilgangur félagsins ganga út á að gera fólki á öllum aldri kleift að efla líkamlega, andlega og félagslega heilsu sína og bæta þar með líðan og lífsgæði. Auk þessa eru öryggismál og verndun náttúrunnar ávallt í forgangi í starfsemi félagsins og sem lýðheilsufræðingur get ég ekki annað en tekið virkan þátt í þessu frábæra starfi."

Áhersla á sjálfbærar lausnir

Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að ná sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna innan fárra ára og mörg þeirra markmiða snerta starfsemi FÍ á einn eða annan hátt. Ólöf Kristín segir að fulltrúar frá FÍ hafi t.d. tekið virkan þátt í vinnu sem tengist markmiðunum á vegum forsætisráðuneytisins sl. vetur. „Ferðafélagið leggur ávallt áherslu á eins umhverfisvænar og sjálfbærar lausnir og kostur er, t.d. við kaup á aðföngum, orkuskipti, hreinlætisaðstöðu, loftslagsmál, verndun gróðurs o.s.frv. Þetta eru allt áskoranir sem taka þarf alvarlega í starfsemi eins og FÍ stendur fyrir. Sem eitt stærsta lýðheilsufélag landsins tengjum við jafnframt mjög sterkt við markmiðið um heilsu og vellíðan".

Erum börnunum fyrirmynd

Segja má að FÍ sýni gott fordæmi gagnvart unga fólkinu með massífu starfi angans af stóra trénu, Ferðafélagi barnanna. „Sá félagsskapur eflir börn og ungmenni til hreyfingar og gönguferða, bæði í borgarlandinu og í óspilltri náttúru. Ferðafélag barnanna hefur líka átt í mjög virku samstarfi við Háskóla Íslands um árabil þar sem fræðslu er bætt við göngurnar en þá hefur vísindafólk HÍ gengið með fjölskyldufólkinu og útskýrt flest allt sem ber fyrir augu á göngunni. Þessar ferðir eru kallaðar „Með fróðleik í fararnesti" og hafa þær notið gríðarlegra vinsælda auk þess að hljóta viðurkenningu fyrir vísindamiðlun frá Rannís."

ferdafelag.is

■ **Hjá Ferðafélaginu fær maður súrefni í lungun, frið og ró í hug og hjarta og jafnvel dásamlegan félagsskap líka!**

■ **Um fjöll og firnindi. Göngur Ferðafélagsins eru við allra hæfi.**

Sumartilboð

Krakka nestisbox

Barnamáltíð og leikfang

799 kr.

Tilboðið gildir
til 5. ágúst 2024

Nesti | Heitt og grillað

Boxin fást á veitingastöðum okkar á Hvolsvelli, Höfn, Egilsstöðum, Húsavík, Sauðárkróki, Blönduósi, í Staðarskála, Borgarnesi og á Akranesi.

Kjúklinganaggar og franskar
Mexíkósk kjúklingasúpa
Grilluð samloka og franskar
Íslensk kjötsúpa
Barnaborgari og franskar
Krakka nestisbox

Frábærar kryddblöndur frá Pottagöldrum

– með þér í sumar!

Pottagaldrar hafa verið frumkvöðlar í kryddum á Íslandi í yfir 30 ár og halda þeirri vegferð áfram. Við höfum boðið upp á krydd frá öllum heimshornum, enda þekkt fyrir að vera eldhús „allra landa".

Sesamgaldur er nýleg kryddblanda sem hefur notið gríðarlega mikilla vinsælda frá því að hún kom á markaðinn. Blandan er bráðholl, enda full af fræjum. Hægt er að nota hana á ýmsan hátt, svo sem á beyglur, avocado, egg, í bakstur o.s.frv. Hún er tilvalin sem nýja borðkryddið þitt!

Rótargrænmetið er dásamleg kryddblanda með suðrænu ívafi. Hún inniheldur lauk, hvítlauk, rósmarín, þurrkaða tómata, steinselju, timian, svartan pipar og lárviðarlauf. Blandan er ómissandi á allt grænmeti, ofnsteikt eða á grillið, en hún hentar einnig í alla ítalska matargerð.

Stærri umbúðir fyrir víðtækar þarfir

Kryddin okkar hafa lengi verið þekkt fyrir glæsilegu glösin sem prýða hvert eldhús. Hins vegar er ekki öllum kunnugt um að við bjóðum einnig upp á kryddin í meira magni. Við höfum stærðir sem henta bæði þeim sem vilja hafa meira magn við höndina en einnig fyrir þau sem vinna í veitingageiranum og nota krydd á ríkulegan hátt í sinni matreiðslu.

Sjá frekar á pottagaldrar.is
eða Facebook síðu Pottagaldra.

N1

Ekki vera í fýlu
á ferðalaginu!
Efnavörur í ferðasalerni
PORTA-PAK
PORTA-PAK
COMMANDO
BIO ACTIVE
WALEX
kemi ehf | Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík | 415 4000 | kemi@kemi.is | kemi.is
Kemi

Reiðhjólafestingar á bílinn
Fjölbreytt úrval af traustum og öruggum festingum
STEINHOF
2x
rafmagnshjól
1-2x
1-3x
1-4x
Poulsen | Skeifunni 2 - 108 Reykjavík | 530 5900
poulsen@poulsen.is | poulsen.is
POULSEN

Kalkún og kjúklingur í sumarveisluna

GRILLAÐAR KJÚKLINGA-BRINGUR Á SPJÓTI
(FYRIR 2)

Hráefni

2 kjúklingabringur
4-5 ananashringir
2 bananar
1 rauð paprika

Kryddlögur

2 hvítlauksrif
2 tsk. engiferrót
1 dl ananassafi
2 msk. sojasósa
2 msk. sérrí
1 msk. sítrónusafi
1 tsk. sinnep
2 msk. ólífuolía
3 msk. kryddedik

Aðferð

Merjið hvítlauksrifin, rífið engiferrótina og blandið saman við ananassafa, sérrí, sojasósu, sítrónusafa, sinnep, ólífuolíu og kryddedik.

Hamflettið kjúklingabringurnar og skerið í hæfilega bita.

Hellið kryddleginum yfir bitana og látið bíða í kæli í 3-4 klst.

Skerið ananas, banana og papriku í bita og þræðið til skiptis upp á grillspjót ásamt kjúklingabitunum.

Penslið vel með kryddleginum. Grillið í 10-15 mín. á heitu grilli. Penslið með leginum á meðan og snúið nokkrum sinnum.

Berið fram á salatblöðum með hrísgrjónum sem blönduð eru með smávegis af villigrjónum, ásamt brauði og sojasósu.

LJÚFSÁR BÓNDAKJÚKLINGUR MEÐ APPELSÍNULÍKJÖR
(FYRIR 4-6)

Hráefni

1 heill kjúklingur, hlutaður niður í bita
½ bolli hveiti
1 tsk. salt
¼ tsk. pipar
8 msk. smjör
2 msk. appelsínubörkur, rifinn
¼ bolli sítrónusafi
¼ bolli appelsínulíkjör
1 msk. sojasósa
¼ bolli hunang
8 litlar gulrætur, soðnar (baby carrots)

Aðferð

Blandið saman í plastpoka hveiti, salti og pipar. Bætið kjúklingnum í pokann, tveimur bitum í einu, og hristið vel til að húða bitana.

Bræðið helminginn af smjörinu á pönnu (4 msk.).

Veltið kjúklingabitunum upp úr bræddu smjörinu og raðið í ofnskúffu eða eldfast mót. Bakið við 165°C í 30 mín.

Bræðið afganginn af smjörinu á pönnu. Bætið í appelsínuberkinum, sítrónusafanum, líkjörnum, sojasósunni og hunanginu. Takið u.þ.b. 2 msk. af blöndunni frá.

Takið kjúklinginn úr ofninum, snúið honum við og hellið blöndunni yfir hann.

Setjið aftur inn í ofn og eldið í 30 mín. til viðbótar, ausið blöndunni af og til yfir kjúklinginn.

Blandið saman við soðnar gulrætur 2 msk. af blöndunni sem var tekin frá og berið fram með kjúklingnum.

KALKÚNABRINGA MEÐ ÍTALSKRI FYLLINGU
(FYRIR 6)

Hráefni

1 stk kalkúnabringa 800g – 1000g
50 g smjör til steikingar
1 poki mozzarellakúlur litlar
2 msk ferskt basil
40 g pistasíur
1 msk ferskt rosmaryn
1 egg
1 dl brauðraspur
Salt og pipar

Fyllingin

Saxið mozzarellaostinn, pistasíuhnetur, basil og rosmaryn. Blandið saman við brauðraspi og eggi, kryddið með salti og pipar

Aðferð

Skerið vasa í kantinn á bringunni skerið frá mjórri endanum. Setjið fyllinguna í vasann. Brúnið bringuna á pönnu í smjöri og kryddið með salti og pipar. Bakið við 150°C í 50-60 mínútur eða þar til kalkúnabringan er gegnelduð.

Berið fram með salati með steiktu grænmeti.

Grillum íslenskan kalkún í sumar!

KALKÚNN FRÁ ÍSFUGLI ER REKJANLEGUR TIL BÓNDA

ÍSFUGL

Uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á isfugl.is

ÍSFUGL



■ Stuðlagil. Ein af náttúruperlunum í næsta nágrenni Egilsstaða.

■ Við Lagarfljót.

Margt í boði í Múlaþingi

Fyrir ferðamanninn er óhætt segja að vegir liggi til allra átta þegar komið er á Egilsstaði. Bærinn er miðpunktur sveitarfélagsins Múlaþings en innan þess eru einnig Seyðisfjörður, Borgarfjörður eystri og Djúpivogur. Múlaþing er því fjölbreytt og stutt að fara fyrir ferðafólk að heimsækja byggðarlögin fjögur og njóta þess sem þar er hægt að skoða.

Egilsstaðir eru miðstöð þjónustu, verslunar og flugsamgangna á Austurlandi. Þar er vel búið tjaldstæði, góð sundlaug og golfvöllur í jaðri bæjarins. Á Egilsstöðum er Minjasafn Austurlands staðsett og þar má fræðast um hreindýrin sem óhætt er að segja að séu eitt af helstu sérkennum Fljótsdalshéraðs.

Í menningarmiðstöðinni Sláturhúsinu á Egilsstöðum er dagskrá árið um kring; sýningar, tónleikar og ýmis konar aðrir menningar- og listviðburðir. Segja má að Sláturhúsið hafi á síðustu árum orðið eitt af helstu menningarhúsum landsbyggðarinnar og má geta þess að nú í vor fékk Sláturhúsið m.a. tilnefningu Grímunnar fyrir bestu barnaleiksýningu ársins 2023.

Þeir sem kjósa að fara í gönguferðir út í náttúruna hafa um margt að velja og má finna merktar gönguleiðir út frá öllum bæjunum fjórum. Það á við um Egilsstaði og jafnframt er vert að vekja einnig athygli á að göngu- og hjólastígur er nú kominn frá miðbæ Egilsstaða í baðstaðinn Vök.

Náttúruperlur eru margar í næsta nágrenni Egilsstaða, t.d. útivistarparadísin Hallormsstaðaskógur, Stuðlagil, Stórurð, Háifoss, Skriðuklaustur og fjölmargir aðrir áhugaverða staðir til að heimsækja.

■ Vel búin fjölskyldusundlaug er á Egilsstöðum.

Myndir: Ingunn Þráinsdóttir

■ Hallormsstaðaskógur er uppspretta endalausra ævintýra á ferðalaginu.

Mikið framboð er af gistingu á Egilsstöðum og í Múlaþingi, bæði hótelum og minni gististöðum og sama er að segja um úrval veitingastaða.

Heimsókn til Egilsstaða og ferð um Múlaþing er því algjörlega þess virði!

visitegilsstadir.is

Múlaþing

www.visitegilsstadir.is

www.visitseydisfjordur.is

www.borgarfjordureystri.is

www.visitdjupivogur.is

■ Fossinn Faxi er einn þeirra sem farið er að á Fossahringnum.

Fimm fossar og eitt gljúfur

Allir vita að margt skemmtilegt er að sjá og skoða á Austurlandi. Af fjölmörgum hugmyndum um skemmtilega gönguferð má nefna Fossahring sem er 8 kílómetra gönguhringur sem byrjar og endar í Laugarfelli, rétt norðan við Snæfell. Kárahnjúkavegur liggur nánast að Laugarfelli en þaðan er aðeins um tveggja kílómetra leið á ágætum malarvegi að skálanum.

Á þessari vinsælu gönguleið má sjá fimm fossa og eitt gljúfur. Sumir fossanna eru meðal vatnsmestu fossa á Austurlandi og þekktastir þeirra eru Kirkjufoss og Faxi sem eru báðir í Jökulsá í Fljótsdal sem rennur út í Lagarfljót. Gangan er stikuð og nýtur sívaxandi vinsælda meðal göngufólks. Tilvalið er í lok göngu að baða sig í náttúrulaugunum í Laugarfelli. Gera má ráð fyrir að það taki 2 -3 klukkutíma að ganga Fossahringinn.



■ Hér má sjá egg lómsins sem er einkennisfugl svæðisins.

Fuglsegg í Gleðivík

Allir sem koma við á Djúpavogi á leið sinni um landið mega ekki gleyma að kíkja á Eggin í Gleðivík en það er útilistaverk sem samanstendur af 34 eftirmyndum eggja íslenskra varpfugla á svæðinu. Eggin standa hvert um sig á steyptum stöpli og er merki við hvert og eitt um hvaða fuglategund er að ræða. Höfundur listaverksins er þjóðþekkti listamaðurinn Sigurður Guðmundsson. Hugmyndin að baki verkinu er sótt í fjölskrúðugt fuglalíf á svæðinu. Eitt eggið er áberandi stærra en önnur en það er egg lómsins sem er einkennisfugl svæðisins.

visitdjupivogur.is

Nútímalistin í hávegum í Skaftfelli

Skaftfell listamiðstöð er myndlistarmiðstöð Austurlands, þar sem innlendri og erlendri nútímalist eru gerð skil. Miðstöðin er til húsa í gömlu timburhúsi frá 1907 á Seyðisfirði. Í Skaftfelli er öflugt sýningarhald, gestavinnustofur eru þar reknar fyrir listamenn og kaffistofa er til staðar með góðu bókasafni um myndlist. Skaftfell stendur fyrir fjölþættu fræðslustarfi, jafnt á fjóðungsvísu og á alþjólegum grundvelli. Þar er og rekinn veitingastaðurinn Skaftfell Bistró.

Það var árið 1996 sem áhugamannahópur um menningu og listir, oftast nefndur Skaftfellshópurinn, fékk húsið að Austurvegi 42 á Seyðisfirði að gjöf frá hjónunum Karólínu Þorsteinsdóttur og Garðari Eymundssyni. Í kjölfarið hófst mikið uppbyggingarstarf með það að leiðarljósi að efla menningarlíf á Seyðisfirði. Stjórn Skaftfells menningarmiðstöðvar tók til starfa árið 1998 og sýningarsalurinn var formlega vígður ári seinna.

■ Skaftfell, miðstöð myndlistar, stendur fyrir sýningum árið um kring og þar er m.a. að finna verk eftir hinn kunna listamann Dieter Roth.

skaftfell.is

Stórurð – hrikaleg náttúrusmíð

Ein hrikalegasta náttúrusmíð landsins er Stórurð sem gengið er í frá Vatnsskarði þegar farið er á Borgarfjörð eystri. Stórurð er undir hamraveggjum Dyrfjalla og hefur myndast þegar risavaxin móbergs- og þursabergsbjörg sem fallið hafa ofan á skálarjökul sem legið hefur við Dyrfjöll. Enn má sjá leifar af honum undir hömrum fjallanna.

Stórurð, eins og hún er í dag, hefur að mestu mótast af síðasta ísaldarskeiði sem lauk fyrir um 10.000 árum. Þegar jökullinn hopaði urðu þessar risavöxnu steinblokkir eftir í dalbotninum og hafa staðið þar óhreyfðar um þúsundir ára. Stórurð er mikil um sig og þar er margt forvitnilegt að sjá. Hægt er að finna þar skjólgóða stóra hellisskúta og ganga um raufir milli risavaxinna kletta. Blágrænar tjarnir er víða að finna og inn á milli rennisléttar grundir. Saman mynda þessi náttúrufyrirbrigði ævintýralega veröld sem lætur engan ósnortinn.

■ Björg og blágrænar tjarnir skapa stórbrotna náttuperlu sem er engu lík.

Fimm merktar gönguleiðir liggja að Stórurð. Frá Héraði, Vatnsskarði, Njarðvík og tvær frá Borgarfirði. Ganga utan merktra leiða í Stórurð getur verið vafasöm í þoku því villugjarnt er á þessum slóðum. Ganga í Stórurð er nokkuð löng og má í það minnsta gera ráð fyrir 6 klst í ferðina.

borgarfjordureystri.is

Lundinn og álfarnir

Borgarfjörður eystri er magnaður staður og fjöldi ferðamanna sækir staðinn heim á hverju ári. Þar eru víst álfar á hverju strái, margir gestir sækjast eftir að skoða lundann sem þar á sér griðastað en flestir dragast einfaldlega að friðsæld og fegurð staðarins.

Lundinn lætur ekki trufla sig

Ein allra besta aðstaða til lundaskoðunar á Íslandi er í Hafnarhólma á Borgarfirði eystri. Hólminn er við hlið hafnarinnar og því auðfundinn fyrir ferðamenn. Í Hafnarhólma hefur verið komið upp útsýnispöllum og fuglaskoðunarhúsi og getur fólk farið um hólmann án þess að valda fuglinum truflun. Auðvelt er að komast mjög nálægt þessum fallega fugli og virða hann fyrir sér og einnig fýl, ritu og æðarfugl.

Rölt um bæjarþorpið

Þegar dvalið er á Borgarfirði eystri er að sjálfsögðu nauðsynlegt að taka líka bæjarrölt og skoða litla sjávarþorpið Bakkagerði, vitja álfanna í Álfaborg, kíkja á Kjarval í kirkjunni og sækja Álfacafé heim. Höfnin á Borgarfirði eystri hefur fengið alþjóðlega umhverfisvottun, svokallaðan Bláfána sem veittur er höfnum, baðströndum og þjónustuaðilum í sjávarverðamennsku fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum.

■ Lundinn er ljúfastur fugla.

■ Friðsæld og friður ríkir á Borgarfirði eystri.

borgarfjordureystri.is

■ Allt í kringum Seyðisfjörð eru vel merktar gönguleiðir og útsýnið frábært.

Menning og gestrisni á Seyðisfirði

Seyðisfjörð er gaman heim að sækja enda kaupstaðurinn rómaður fyrir afslappað andrúmsloft, úrval menningarviðburða, fjölbreytt samfélag og einstaka náttúrufegurð. Litrík, norskættuð timburhúsin frá fyrstu áratugum 20. aldar gera bæinn einstakan meðal bæja á Íslandi.

Miðstöð myndlistarinnar

Lista- og menningarstarfsemi er blómleg í bænum, sérstaklega yfir sumartímann. Skaftfell, miðstöð myndlistar, stendur fyrir sýningum árið um kring og þar er m.a. að finna verk eftir hinn kunna listamann Dieter Roth en hann dvaldi löngum á Seyðisfirði. Hann lést 1998. Í Skaftfelli er öflugt sýningarhald, gestavinnustofur fyrir listamenn og Skaftfell Bistró kaffihús með góðu bókasafni um myndlist. Skaftfell stendur fyrir fjölþættu fræðslustarfi, jafnt á fjórðungs vísu og á alþjóðlegum grundvelli.

■ Er ekki upplagt að skella sér á kajak?

■ Bláa kirkjan og Regnbogastrætið á Seyðisfirði.

Frábært tjaldsvæði

Tjaldsvæðið á Seyðisfirði er í hjarta bæjarins. Þar er vel tekið á móti ferðalöngum hvort heldur þeir eru með tjald, húsbíla, hjólhýsi eða annars konar þak yfir höfuðið meðferðis. Á svæðinu er þjónustuhús með eldunaraðstöðu fyrir gesti og setustofa. Þar eru einnig sturtur, salerni, þvottavél, þurrkari, borðsalur, frír aðgangur að interneti, útigrill og öll aðstaða fyrir húsbíla, s.s. aðgangur að rafmagni og hreinsiaðstaða fyrir salerni þeirra.

vistiseydisfjordur.is

Upplifðu Austurland
AROUNDEAST.IS

Ætlar þú að ferðast um náttúru Íslands í sumar?

Þá áttu samleið með okkur.

- Fimmvörðuháls
- Básar á Goðalandi
- Sveinstindur - Skælingar
- Strútsstígur
- Laugavegurinn
- Dalastígur

Opið alla virka daga kl. 12-17

ÚTIVIST

Laugavegi 178 - 105 Reykjavík - Sími 562 1000 - utivist@utivist.is

■ Hádegisfjall í Reyðarfirði er eitt hið formfegursta á landinu og þaðan er víðsýnt til allra átta.

Fjöllin í Fjarðabyggð nærra sálina

Í Fjarðabyggð er hægt að finna gönguleiðir við allra hæfi og má segja að sveitarfélagið sé draumastaður fyrir útivist. Þú getur fengið viðurkenninguna Fjallagarpur Fjarðabyggðar með því að ganga á fjöllin fimm í Fjarðabyggð sem ferðafélag svæðisins hefur valið en þau eru Kistufell 1239 m, Goðaborg 1132 m, Svartafjall 1021 m, Hólmatindur 985 m og Hádegisfjall 809 m.

N1

Vinsælar gönguleiðir

Ferðafélögin í Fjarðabyggð hafa verið ötul við að merkja gönguleiðir á Austfjörðum og einnig hefur Ferðafélag Fjarðamanna gefið út Gönguleiðir á Fjarðaslóðum. Fjölmargar leiðir hafa verið stikaðar m.a. frá Norðfirði og yfir í Mjóafjörð um Miðstrandarskarð og frá Vöðlavík og yfir í Sandvík um Gerpisskarð. Leiðin frá Mjóafirði yfir í Norðfjörð er hluti af samfelldri gönguleið sem stikuð er frá Borgarfirði eystri yfir í Skriðdal og gönguleiðin frá Vöðlavík yfir í Sandvík er hluti af gönguleiðakerfi á Gerpissvæðinu sem nú hefur nánast allt verið stikað.

Á fætur í Fjarðabyggð

Í sumar er líkt og undanfarin ár efnt til göngu- og gleðivikunnar Á fætur í Fjarðabyggð dagana 24. júní til 1. júlí en skipuleggjendur hennar eru Ferðafélag Fjarðamanna í samstarfi við Ferðaþjónustuna Mjóeyri. Áhersla er lögð á fjölbreyttar gönguleiðir við allra hæfi, s.s. fjölskyldugöngur, sögugöngur og göngur fyrir alvöru fjallagarpa. Á kvöldin er brugðið á leik með kvöldvökum og sjóræningjapartíum.

visitfjardabyggd.is

Göngu- og gleðivika fyrir alla fjölskylduna

Á fætur
í Fjarðabyggð
22. júní - 29. júní 2024

Drífðu þig á fætur
og taktu þátt í frábærri dagskrá fyrir alla fjölskylduna

Ný fimm fjöll, göngugarpar, fjölskylduferðir, fjöruferðir, söguferðir, kvöldvökur, sjóræningjapartý, náttúruskóli fyrir yngstu börnin og margt fleira ævintýralega skemmtilegt.

Nánar á visitfjardabyggd.is

ÍSLENSKA SÍA.IS FJA 61937

Frönsk menning og matur

Í tengibyggingu Franska spítalans og Læknishússins á Fáskrúðsfirði er eitt af merkari söfnum landsins en þar segir frá Frökkum á Íslandsmiðum um aldamótin 1900. Lifandi nærmynd er brugðið upp af lífi sjómanna um borð í frönsku skútunum sem sóttu Íslandsmið og skynjar áhorfandinn glöggt aðstæður þeirra og daglegt líf. Þá veitir safnið einnig glögga innsýn í starfsemi Franska spítalans á Fáskrúðsfirði og starfsemi hans upp úr aldamótunum 1900.

Auk þess sem hægt er að fræðast á fjölbreyttan hátt um frönsku sjómennina eru Frönsku húsin sjálf kafli út af fyrir sig. Minjavernd lauk endurgerð þeirra árið 2014 en auk Læknishússins og franska Spítalans eru Sjúkraskýlið, Litla kapellan og Líkhúsið. Endurgerð þessara húsa er viðamesta verkefni sem Minjavernd hefur ráðist í utan höfuðborgarsvæðisins. Frá því snemma á vorin og fram á haust er þar rekið Fosshótel Austfirðir sem tekur vel á móti ferðamönnum. Þar eru 47 herbergi og veitingastaðurinn L'Abri – auðvitað upp á frönsku!

visitfjardabyggd.is

■ Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði.

■ Frönsku sjómennirnir lifðu ekki alltaf sældarlífi í sjósókn sinni hér við land.

Upplifðu Austurland // east.is

Sænautasel á Jökuldalsheiði við samnefnt vatn var endurbyggt í lok síðustu aldar sem góður fulltrúi heiðarbýlanna fyrrum tíð. Í Sænautaseli er boðið upp á hina ýmsu skemmtun og léttar veitingar að þjóðlegum hætti. Opið er alla daga í júní-ágúst.

Innra Hvannagil er í Njarðvík við Borgarfjörð eystra og hægt er að aka alveg að gilinu. Frá bílastæði er gengið er um 100 m. upp með ánni, upp fyrir berggang sem byrgir útsýn inn í gilið. Þar opnast ævintýraheimur.

Hallormsstaðarskógur er víðáttumesti skógur landsins en hann liggur meðfram Lagarfljóti að austanverðu. Atlavík er innarlega í skóginum en við hana er vinsælt tjaldsvæði. Allt svæðið er ferðafólki mjög aðgengilegt.

Víknaslóðir eru eitt best skipulagða göngusvæði landsins. Fjölbreytt þjónusta er við göngufólk svo sem ferðaskipulag, gisting, leiðsögn, flutningar (trúss) og matsala og þrjá vel búnir gönguskálar Ferðafélags Fljótsdalshéraðs er að finna í Loðmundarfirði, Húsavík og Breiðuvík.

Neskaupstaður er sá þéttbýliskjarni sem stendur austast á Íslandi. Í Safnahúsinu er að finna náttúrugripasafn, sjóminja- og smiðjusafn Jósafats Hinrikssonar og myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar.

Helgustaðanáma er silfurbergsnámuna í Helgustaðalandi á leiðinni frá Eskifirði til Vöðlavíkur og liggur göngustígur upp að henni. Hún er ein frægasta silfurbergsnáma í heimi. Náman er nú friðlýst sem náttúruvætti.

Hengifoss er í norðanverðum Fljótsdal á móts við innri enda Lagarfljóts. Hann er næsthæsti foss landsins, 128 m hár. Auðvelt er að ganga upp að Hengifossi frá upphafsstað en það tekur um 40-60 mínútur að ganga frá bílastæði að fossinum.



Neskaupstaður

Þjóðlegir fiskréttir og stemning í Beituskúrnum

Beituskúrinn í Neskaupstað er veitingastaður sem ferðamenn ættu ekki að láta fram hjá sér fara. Guðröður Hákonarson, veitingamaður og hóteleigandi, hefur byggt þennan skemmtilega stað upp í fjöruborðinu síðustu árin og nú í vor var unnið að verulegum breytingum innan húss sem utan, eldhús stækkað og sem og bryggjurnar úti fyrir sem nú eru um 500 fermetrar að stærð.

Fiskréttir á hagstæðu verði

„Beituskúrinn er street food veitingastaður þar sem við leggjum áherslu á góðan mat á hagstæðu gerði en sér í lagi erum við að auka áherslu okkar á góða og þjóðlega fiskrétti. Plokkfiskurinn okkar er alltaf vinsæll, sem og fiskipannan, svo nokkuð sé nefnt. Hjá okkur kosta fiskréttirnir vel innan við 4.500 krónur og það gerist ekki hagstæðara á landinu. Og svo er auðvitað við hæfi að bjóða gestum það besta í fiskréttum hér í Neskaupstað þar sem landað er mestum sjávarafla ár hvert," segir Guðröður en auk þess að taka á móti fleiri gestum og gangandi í Beituskúrnum í sumar segir hann að með framkvæmdum og stækkun staðarins opnist tækifæri fyrir fjölbreyttara samkomuhald og að taka á móti hópum, t.d. fyrirtækjahópum í hvataferðum.

Fjölbreytt gisting í boði

Beituskúrinn er í hjarta bæjarins í Neskaupstað og í göngufæri við Hótel Hildibrand og sumarhótelið Cliff sem Guðröður á og rekur.
Á Hótel Hildibrand eru 15 íbúðir í mismunandi stærðum og 5 tveggja manna herbergi og í sumarhótelinu Cliff eru í boði 29 herbergi. Vakin er athygli á að gæludýrahald er leyft í tveimur af íbúðunum á Hótel Hildibrand.

Bókunarsímar fyrir hótelin eru 847-1950 og 477-1950 einnig má senda tölvupóst á hildibrand@hildibrand.is

beituskurinn.is





Þrjú söfn í Safnahúsi

Í Safnahúsinu í Neskaupstað eru þrjú ólík söfn og sýningar undir sama þaki. Í húsinu er Náttúrugripasafn en þar má sjá flesta íslensku fuglana, auk fjölda flækinga svo og sérstætt fiskasafn með sjaldséðum fiskum, safn skeldýra, steina, skordýra og safn austfirskra plantna. Ýmis villt spendýr má líka sjá á safninu.

Sjóminjar og myndlist

Í Safnahúsinu í Neskaupstað er einnig sérstakt Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar sem ólst upp á Norðfirði og varð þjóðþekktur fyrir rekstur vélsmiðju sinnar og smíði á búnaði tengdum sjávarútvegi. Á safninu eru áhugaverðir hlutir sem tengjast sjávarútvegi, bátasmíði, járn- og eldsmíði og einnig gömlum atvinnuháttum á Íslandi. Erfingjar Jósafats afhentu Fjarðabyggð safnið árið 2000 og var það opnað í Neskaupstað tveimur árum síðar.

Þriðja safnið í Safnahúsinu er svo myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar sem fæddur var árið 1940 á Norðfirði. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1960-1961 og við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn 1961-1966. Tryggvi er meðal þekktustu myndlistarmanna Íslendinga á síðari árum. Hann lést árið 2019.

visitfjardabyggd.is

■ Safnahúsið í Neskaupstað.

■ Myndlistarsafn Norðfirðingsins Tryggva Ólafssonar er í Safnahúsinu.

■ Eftirlíking af gamalli eldsmiðju er í safninu.

Margt áhugavert á Breiðdalsvík

Á Breiðdalsvík er góð aðstaða fyrir ferðafólk. Tjaldstæði er í miðju þorpinu, þar sem er góð leikaðstaða fyrir börn. Við íþróttahúsið er barnvæn útilaug og góð líkamsræktaraðstaða.

Breiðdalssetur í gömlu kaupfélagshúsi

Breiðdalssetur er í Gamla kaupfélaginu elsta húsinu í þorpinu. Þar er m.a. hægt að fræðast um jarðfræði Austurlands og rannsóknir breska jarðfræðingsins George P. L. Walker á hinum austfirska jarðlagastafla. Jafnframt er þar að finna upplýsingar um Breiðdælinginn Stefán Einarsson og rannsóknir hans málvísindum, bókmenntum og örnefnum. Í grunninn er húsið menningarhús Breiðdælinga þar sem áhersla er lögð á tímabundnar sýningar og viðburði.

Gönguleiðir og merkir staðir

Í Breiðdal er undirlendi mikið og margt áhugavert að sjá. Úr fjölbreyttum gönguleiðum er margt að velja auk þess sem fjaran hefur alltaf aðdráttarafl. Beljandi er án efa með mikilfenglegri fossum í Breiðdalnum. Fossinn myndast neðarlega í Breiðdalsánni rétt fyrir neðan bæinn Brekkuborg og sómir sér vel í ánni sem talin er ein fallegasta laxveiðiá landsins. Stuttur spölur er frá veginum

■ Breiðdalssetur er í Gamla kaupfélaginu, elsta húsi Breiðdalsvíkur.

að fossinum en hann er vel þess virði að skoða.

breiddalur.is

BEITUSKÚRINN
BAIT SHACK

Fiskréttir, gisting og sjávarloftið!

VERIÐ VELKOMIN TIL NESKAUPSTAÐAR!





Heimsókn í Beituskúrinn er upplifun í Íslandsferðinni. Veitingahús og bar í rómantískum gömlum bryggjuhúsum og 500 fermetra bryggja þar sem gestir njóta matarins með gutlandi sjóinn undir fótum sér!

Beituskúrinn býður fjölbreyttan pop-up matseðil þar sem ferskur og glænýr fiskur er í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á íslenskar hefðir í fiskréttum og hagstætt verð.

Hótel Hildibrand

Hótel Hildibrand er með 15 íbúðir af misjöfnum stærðum og 5 tveggja manna herbergi. Við bjóðum einnig gistingu á sumarhótelinu Cliff hótel þar sem eru 29 herbergi.

Upplýsingar:

www.hildibrand.is
www.beituskurinn.is
hildibrand@hildibrand.com
Þú finnur okkur líka á Facebook!

■ Sundlaugin á Hvolsvelli laðar að sér ferðamenn.

Staldraðu við á Hvolsvelli

Þegar ekinn er Suðurlandsvegur til austurs og komið að Hvolsvelli er tjaldsvæðið fyrsti afleggjari á hægri hönd. Svæðið, sem er um 150 m frá þjóðvegi, er einkar skjólgott, afgirt með háum öspum og flatirnar sléttar og vel þjappaðar. Stutt er þaðan í alla þjónustu s.s. verslanir og kaffihús þar sem miðbær Hvolsvallar er skammt frá. Fyrir þá sem vilja hreyfa sig úti í náttúrunni eru á Hvolsvelli fjölmargar áhugaverðar gönguleiðir ásamt þriggja kílómetra löngum heilsustíg sem nýtist vel.

Einn helsti segull ferðamanna til Hvolsvallar er án efa sundlaugin á Hvolsvelli en þar er 25 metra útilaug, heitir pottar, vaðlaug fyrir börnin, rennibraut, úti- og inniklefar og gufubað. Á íþróttasvæðinu á Hvolsvelli er líka 9 holu frisbígolfvöllur.

visithvolsvollur.is

SKÓGASAFN
Skógar Museum

Skógasafn er eitt elsta safn landsins. Þar er að finna byggðasafn, húsasafn og samgöngu- og tækniminjasafn með fjölbreyttar sýningar á um 2.500 m².

Í Samgöngusafninu er rakin saga samgangna og tækniþróunar á Íslandi á 19. og 20. öld.

Safnið er opið:
Júní, júlí og ágúst frá 09:00 – 18:00 / / September -maí 10:00 – 17:00.

sími 487 8845 www.skogasafn.is Safnavegur 1, 861 Skógar

■ Í Uppsveitum er víða að finna vel útbúna þjónustustaði með afþreyingu, mat og gistingu.

■ Elsta sundlaug landsins er á Flúðum.

Uppsveitir Árnessýslu

Alltaf eitthvað nýtt og spennandi!

■ Laugarvatn er unaðsstaður til útivistar.

Velkomin í Uppsveitir Árnessýslu, þar sem náttúrufegurðin sameinast heillandi menningu og ógleymanlegum ævintýrum! Þar má finna fjölmarga áhugaverða staði til að heimsækja, frægar náttúruperlur, sögustaði og minna þekkta staði líka.

Í Uppsveitunum finnur þú fallega fossa, heitar lindir og alls kyns upplifun fyrir alla aldurshópa. Allir þekkja Þingvelli, Gullfoss, Geysi og Skálholt en svæðið hefur upp á svo margt annað skemmtilegt að bjóða. Gullna hringinn þekkja örugglega flestir en hann er mun stærri en margur heldur, eiginlega líkari gullinni keðju en hring. Í Uppsveitum Árnessýslu er alltaf eitthvað nýtt og spennandi að sjá og upplifa og fjölmargir staðir sem ekki má láta fram hjá sér fara. Við viljum gjarnan að ferðamenn dvelji hjá okkur sem lengst og njóti alls þess sem er í boði á svæðinu. Dagsferðir eru vinsælar en mælt er með að fólk dvelji lengur og fyrir þá sem það gera eru fjölbreyttir gistimöguleikar; tjaldsvæði, gistiheimili, sumarhús, hótel og fjallaskálar. Margir staðir bjóða heita potta og alltaf má finna sundlaug í nágrenninu. Fjölbreyttir veitingastaðir bjóða gestum matvæli úr heimabyggð og matarupplifanir enda eru Uppsveitirnar mikil matarkista og vagga grænmetisræktunar á Íslandi.

■ Gjáin í Þjórsárdal.

Margvísleg afþreying

Í Uppsveitum Árnessýslu er afþreying í boði fyrir alla fjölskylduna og öll áhugasvið. Hægt er að leigja hesta eða fara á hestasýningu, skella sér í veiði eða á fjórhjól, heimsækja hella, fara á snjósleða eða í flúðasiglingu. Þetta svæði er kjörið fyrir fuglaáhugamenn og göngugarpa, göngustígar eru í skógunum og lítil fell til að klífa. Dýragarðurinn í Slakka í Laugarási er vinsæll staður að heimsækja fyrir alla fjölskylduna og í Uppsveitum er m.a. að finna adrenalíngarð, gallerý, söfn og áhugaverðar sýningar, margar sundlaugar og golfvelli. Hægt er að spila frisbígolf, fótboltagolf, strandblak og heimsækja íþrótta- og leikvelli. Gestir og gangandi velja svo hvort þeir vilja kyrrð og ró, fróðleik, spennu eða sitt lítið af hverju. Skemmtileg lítil þorp og byggðakjarnar eru nokkrir; Flúðir, Laugarvatn, Brautarholt, Árnes, Reykholt, Laugarás, Borg og Sólheimar. Þar er fjölbreytta þjónustu að finna og upplagt að dvelja um stund, kíkja á tjaldsvæðin eða gististaði og skoða hvað er í boði í nágrenninu og hvað er hægt að gera sér til skemmtunar. Alltaf eitthvað nýtt og spennandi í hverri heimsókn.

■ Úlfljótsvatn er í Grafningi, sunnan Þingvallavatns.

Einstök náttúra

Náttúra Uppsveitanna er falleg og fjölbreytt og þar má t.d. nefna Kerið, Úlfljótsvatn, Þjórsárdal, Brúarhlöð, Kerlingarfjöll, Kjöl, Háafoss, Laxárgljúfur, Hjálparfoss, Haukadalsskóg, Faxa og nágrenni Laugarvatns. Miklir útivistarmöguleikar eru á svæðinu, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir. Hver árstíð hefur sinn sjarma.

sveitir.is
south.is

Fjaðrárgljúfur – hrikaleg náttúrusmíð

Sá sem einu sinni hefur komið í Fjaðrárgljúfur gleymir því aldrei og því er óhætt að mæla með ferð þangað fyrir alla sem njóta íslenskrar náttúru. Fært er þangað fólksbílum allt árið en gljúfrið er 6 kílómetra frá þjóðvegi 1, beygt er inn á veg F206. Fjaðrárgljúfur er á náttúruminjaskrá.

Hrikalegt og stórbrotið

Gljúfrið er hrikalegt á íslenska vísu, um 100 m djúpt og um tveir kílómetrar að lengd. Fjaðrá, sem gilið dregur nafn sitt af, kemur úr Geirlandshrauni og fellur niður í gljúfrið og rennur í Skaftá. Nú er ekki mikið rennsli í ánni og því eiga ferðamenn hægt um vik að ganga meðfram ánni inn í gilbotninn. Enn skemmtilegra er þó að fara um afmarkaðan göngustíg á gilbarminum og njóta um leið útsýnisins yfir gljúfrið.

Myndun Fjaðrárgljúfurs

Talið er að Fjaðrárgljúfur hafi myndast við lok síðasta jökulskeiðs eða fyrir um níu þúsund árum. Þegar jökullinn hörfaði myndaðist lón í dalnum á bak við bergþröskuld. Að því kom að stöðuvatnið fylltist af framburði jökulvatnanna og þá hóf áin að grafa sig niður í þröskuldinn og ofan í móbergið framan við hann. Malarhjallar beggja vegna í dalnum segja til um upphaflegu hæð og staðsetningu stöðuvatnsins og djúp rás í móberginu ber þögult vitni um afl náttúrunnar.

■ Fjaðrárgljúfur er skammt vestan Kirkjubæjarklausturs.

Upplifðu Suðurland // south.is

Bláhnúkur er líparítfjall (943 m y.s.) við Landmannalaugar. Bláhnúkur er litfagur, venjulega með fannarblesu. Talið er að hann hafi orðið til við gos undir jökli.

Dímon, Stóri- og Litli- eru á Markarfljótsaurum. Stóri-Dímon er stórt, grasi gróið fell (178 m y.s.) í mynni Markarfljótsdals, að mestu úr móbergi. Koma saman í því mörk Austur-Landeyja, Fljótshlíðar og Vestur-Eyjafjalla.

Eldfjall á Heimaey, skammt fyrir austan Helgafell, er um 200 m á hæð. Eldfell myndaðist í gosinu er hófst 23. janúar 1973 en það stóð til 26. júní sama ár. Talið er að heildarmagn gosefna hafi verið um 250 milljóinir rúmmetra.

Flóaáveitan eru skurðir sem liggja um gjörvallan Flóa eða allt frá Ölfusá í vestri að Þjórsá í austri. Þetta stórvirki síns tíma samanstóð af 300 km löngum skurðum sem að mestu voru handgrafnir og 900 km af flóðvarnargörðum.

Núpsstaðarskógar eru í landi Núpsstaðar en Núpsstaður er austasti bærinn í Skaftárhreppi og stendur við Lómagnúp. Á Núpsstað standa einkar merkileg gömul bæjarhús sem talin eru dæmigerð fyrir bæi á Íslandi á síðustu öldum.

Hellarnir við Hellu eru staðsettir við þjóðveg 1, skammt vestan kauptúnsins. Í hellunum má t.d. finna stórmerka krossa, gamlar veggjaristur, myndir, syllur og innhöggvin sæti. Hellarnir eru friðlýstir og þeir sýndir með leiðsögn.

UPPSVEITIR ÁRNESSÝSLU

Fjölbreytt afþreying fyrir alla fjölskylduna

- Borg
- Sólheimar
- Laugarás
- Brautarholt
- Flúðir
- Reykholt
- Laugarvatn
- Árnes
- Þingvellir
- Geysir
- Gullfoss
- Þjórsárdalur

Bláskógabyggð

Hrunamannahreppur

Grímsnes- og Grafningshreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

www.sveitir.is

www.south.is

Þar sem náttúran nærir hugann

Hoffell er landnámsjörð innst í Nesjum og innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þar er landslagið fjölbreytilegt og fagurt; skriðjöklar, fjallstindar, ár og aurar. Glacier World í Hoffelli er tæplega 20 km frá Höfn í Hornafirði og um þrjá kílómetra frá þjóðvegi 1. Þar er að finna heitar laugar sem er notalegt að liggja í og næra hugann í einstakri náttúru.

Sannkölluð jöklaveröld

Landsvæðið einkennist af Hoffellsjökli, stórri jökultungu og gabbrógrýti. Upprunalega fannst gabbrógrýti djúpt neðanjarðar en það finnst nú víða ofanjarðar vegna landriss og jökulrofs. Í Hoffellsdal, sem er austastur dala Nesja, er mikið úrval náttúrusteina og þar hafa fundist marmari, silfurberg, ópall og jaspís. Gamla silfurbergsnáman, sem var nýtt um skeið, er í 500 m hæð yfir sjó. Svæðið allt er einstakt til útivistar enda er þar mikill gróður og dýralíf. Fjölmargar gönguleiðir leiða göngufólk um stórbrotið umhverfið.

Gisting og heillandi laugar

Gistiheimilið Glacier World býður ekki einungis upp á einstaka náttúrufegurð, heldur einnig gistingu í heillandi gömlum uppgerðum byggingum. Glacier World býður upp á eins til þriggja manna herbergi með morgunverði og ýmsa aðra þjónustu. Á Hoffelli er tilvalið að gefa sér góðan tíma, rölta um stórbrotið umhverfið, njóta þjónustu heimamanna, drekka í sig orku jöklanna og slaka á í heitum laugum.

glacierworld.is

■ **Á Hoffelli er tilvalið að slaka á í heitum laugum og njóta náttúrunnar allt um kring.**

Velkomin í Eldheima

Safn minninganna um eldgos í Vestmannaeyjum

■ Í Samgöngusafninu á Skógum er rakin saga samgangna og tækniþróunar á Íslandi á 19. og 20. öld.

Staldrað við í Skógasafni

Skógasafn er eitt elsta byggðasafn landsins og safnkosturinn samanstendur af meira en 18 þúsund munum, að mestu frá Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Skógasafn skiptist í raun í þrjú söfn: byggðasafn, húsasafn og samgöngusafn og þar er full ástæða til að staldra við á leið um landið og skoða allt það áhugaverða sem þar er að finna.

Byggðasafn og sunnlensk byggingararfleifð

Byggðasafnið er elsti hluti safnsins og sýningarhúsnæðið er á þremur hæðum. Þar má finna sjósóknardeild, landbúnaðardeild, náttúrugripadeild, vefnað, forn handrit og bækur, þar á meðal eintak af Guðbrandsbiblíu frá 1584 ásamt munum frá Víkingaöld. Í húsasafninu finnast góðir fulltrúar fyrir húsagerð fyrr á öldum. Á neðri hluta sýningarsvæðisins setur torfbærinn mikinn svip á svæðið en þar eru fjós, skemma, baðstofa, hlóðaeldhús, búr og stofa. Í efri hluta svæðisins er skólabygging sem er dæmigerð fyrir sveitaskóla í upphafi 20. aldar. Einnig er þar Skógakirkja, sem var vígð árið 1998 og fjósbaðstofa ásamt skemmu. Efst er íbúðarhús frá Holti á Síðu sem var fyrsta timburhús í Vestur-Skaftafellssýslu, byggt að öllu leyti úr rekavið árið 1878.

Fróðlegt samgöngusafn

Í Samgöngusafninu er rakin saga samgangna og tækniþróunar á Íslandi á 19. og 20. öld. Þar má meðal annars kynnast þróun samgangna frá hestum til bíla, sögu símans á Íslandi, upphafi rafmagnsnotkunar ásamt póstsamgöngum fyrr á tímum. Þar eru einnig til sýnis bílar frá upphafi bílaaldar, vegminjar frá Vegagerðinni, fjarskiptasafn Sigurðar Harðarsonar og sýning Landsbjargar um björgunarsveitirnar í landinu ásamt mörgu öðru. Í Samgöngusafninu er einnig minjagripaverslun og kaffitería.

■ Íbúðarhúsið frá Holti á Síðu var fyrsta timburhús í Vestur-Skaftafellssýslu, allt byggt úr rekaviði árið 1878.

Nánari upplýsingar um safnið eru á www.skogasafn.is/is og starfsmenn þess eru duglegir að miðla efni á samfélagsmiðlum, bæði á Facebook og Instagram.

skogasafn.is

Sumartónleikar í Skálholti

Sumartónleikar í Skálholti hafa verið starfræktir frá árinu 1975 en hátíðin er sú elsta og jafnframt stærsta sinnar tegundar á landinu og einn stærsti menningarviðburður Suðurlands yfir sumartímann. Á hverju sumri sækja á þriðja þúsund manns Sumartónleikana. Enginn aðgangseyrir að tónleikunum en tekið er á móti frjálsum framlögum.

■ **Árlegir Sumartónleikar verða haldnir í Skálholtskirkju í sumar frá 6.-14. júlí.**

Nýtt verk Báru

Árið 1986 skapaðist sú hefð að velja staðartónskáld Sumartónleika sem jafnan hefjast á nýju verki eftir viðkomandi. Mörg af þessum verkum hafa skipað sér mikilvægan sess í íslensku tónlistarlífi sem og víðar. Staðartónskáld 2024 er Bára Gísladóttir, tónskáld og kontrabassaleikari en hún er búsett í Kaupmannahöfn. Opnunartónleikarnir í Skálholti eru laugardaginn 6. júlí þegar frumflutt verður verk eftir Báru. Flytjendur eru Barrokbandið Brák, Herdís Anna Jónasdóttir, Bára Gísladóttir og Guðrún Óskarsdóttir.

Fjölbreytt dagskrá

Tónlistarunnendur hafa ríka ástæðu til að sækja Skálholt heim í sumar en á Sumartónleikunum verður fjölbreytt dagskrá. Laugardaginn 6. júlí verður auk opnunartónleika sérstök barnadagskrá um Gerði Helgadóttur myndlistarkonu og höfund glugganna í kirkjunni þar sem börnin fá að prófa sig svo áfram í því að búa til gersemar og nota til þess handbragð glerlistarinnar en út frá auga myndlistarmannsins. Síðan taka við fjölbreyttir tónleikar fram eftir sumri þar sem margir af bestu listamönnum þjóðarinnar koma fram.

sumartonleikar.is

■ Sýningarhús Eldheima er sérhannað yfir það sem eftir er af einbýlishúsi við Gerðisbraut 10 en það fór undir ösku í Heimaeyjargosinu fyrir hálfri öld síðan.

Upplifðu Heimaeyjargosið á áhrifaríkan hátt

Gosminjasýningin Eldheimar í Vestmannaeyjum lýsir á áhrifamikinn hátt sögu Vestmannaeyjagossins árið 1973 og afleiðingum þess en í fyrra var þess minnst að hálf öld er liðin frá þeim ógnaratburði. Gosið stóð í fimm mánuði og eyðilagði þriðjung byggðarinnar í Eyjum. Þetta var heimsviðburður á sínum tíma og til Íslands flykktust fréttamenn og vísindamenn úr öllum heimshornum.

Gerðisbraut 10

Sýningarhús Eldheima er byggt yfir húsið við Gerðisbraut 10 sem hvarf undir ösku á sínum tíma en var grafið upp og er í raun miðpunktur sýningarinnar. Því er mikil upplifun fyrir gesti að sjá hvernig umhorfs er í húsi sem grófst í ösku í þessum atburði sem markaði djúp spor í sögu Vestmannaeyja. Gestir safnsins fá hljóðleiðsögn um sýninguna og reynt er á þann hátt að gera upplifun þeirra sem raunverulegasta og að þeir hafi á tilfinningunni að þeir séu staddir á vettvangi atburðanna fyrir hálfri öld.

Sýning um Surtsey

Auk gosminjasýningarinnar er í Eldheimum sýning um Surtseyjargosið árið 1963 en það stóð yfir í tæplega 4 ár. Surtsey er á heimsminjaskrá UNESCO og er hún lokað náttúruverndarsvæði sem gerir vísindamönnum heimsins kleift að fylgjast með því hvernig nýtt líf og vistkerfi verður til.

■ Eldgosið á Heimaey var sannarlega ógnaratburður og gestir sýningarinnar í Eldheimum hrífast af stórglæsilegu myndefni og kraftmikilli hljóðleiðsögn.

Opið er í Eldheimum alla daga kl. 11-17.

eldheimar.is

■ Notalegt er að setjast niður á kaffihúsinu Grænu könnunni á Sólheimum.

Sólheimar í 94 ár

Á ferð um Suðurland er tilvalið að hafa viðkomu á þeim fallega stað Sólheimum í Grímsnesi. Sólheimar hafa verið reknir í 94 ár og eru sem kunnugt er sjálfbært samfélag þar sem rúmlega 100 einstaklingar búa og starfa saman. Byggðahverfið Sólheimar leggur áherslu á ræktun manns og náttúru. Rekin er öflug félagsþjónusta á Sólheimum þar sem einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn er veitt tækifæri til atvinnu og starfsþjálfunar, búsetu, félags- og menningarstarfs.

Kaffisopi og kertagerð

Fjölbreytt starfsemi er á Sólheimum svo sem rekstur skógræktar- og garðyrkjustöðva sem báðar stunda lífræna ræktun. Einnig er þar rekið bakarí og matvinnsla, verslun, listhús, kaffihús og gistiheimili. Fjöldi listvinnustofa er á Sólheimum svo sem kertagerð, listasmiðja, keramik, vefstofa, jurtastofa og smíðastofa. Íbúar Sólheima leggja metnað sinn í að taka vel á móti gestum og eru allir velkomnir að Sólheimum. Ferðafólk getur því sest niður, notið kaffiveitinga og stutt starfsemi Sólheima með kaupum á list- og nytjamunum, sem og grænmeti.

Vagga lífrænnar ræktunar

Almennt er talið að upphaf lífrænnar ræktunar, ekki aðeins á Íslandi, heldur einnig á Norðurlöndunum, hafi verið á Sólheimum. Það er því löng og sterk hefð fyrir umhverfisvitund á Sólheimum og mikil áhersla á að öll matvæli sem framleidd eru á Sólheimum fullnægi kröfum um lífræna ræktun. Garðyrkjustöðin Sunna er einn stærsti framleiðandi á lífrænt ræktuðu grænmeti undir gleri á Íslandi. Helstu framleiðsluvörur Sunnu eru kirsuberjatómar, agúrkur, paprikur og salöt.

■ Hægt er að kaupa list- og nytjamuni til stuðnings starfseminni.

solheimar.is

■ Ljúffengur kaffisopi úr lífrænt ræktuðu kaffi frá kaffibrennslu Sólheima.

Velkomin á Sólheima!

Sólheimar bjóða upp á gistingu, veitingar, afþreyingu, sýningar, safn og listmuni.

Kaffihúsið Græna Kannan og Verslunin Vala eru opin virka daga frá 11:00 til 16:00, laugardaga frá 11:00 til 17:00 og sunnudaga frá 13:00 til 17:00.

Notaleg útivera í mjúkri Merino ull

Ullarkistan

SKEIFAN 3B - GLERÁRTORG - ULLARKISTAN.IS

Upplifðu Reykjanes // visitreykjanes.is

Almenningur er hraunspilda sem hefur runnið úr Hrútagjárdyngju fyrir um 7.000 árum. Er dyngjan nyrst í Móhálsadalnum sem er dalur milli Sveifluháls og Núpshlíðarháls.

Eldborg er langstærstur fimm gíga sem liggja í gossprungu í hlíðum Geitafells og er oft kallaður Stóra-Eldborg. Hægt er að ganga upp að Stóru-Eldborg, sem margir telja fegursta gíg Suðvesturlands, og þaðan niður í Litlu-Eldborg þar sem hægt er að sjá ofan í gíginn.

Kálfatjörn er bær, kirkjustaður og áður prestsetur á Vatnsleysuströnd. Á Kálfatjörn var kirkja helguð Pétri postula í kaþólskum sið. Núverandi kirkja var reist árið 1892-1893 og vígð 11. júní 1893.

Básendar voru fornt útræði og verslunarstaður sunnan við Stafnes. Básendar eyðilögðust mikið í ofsalegu sjávarflóði, aðfararnótt 9. janúar 1799. Þar sjást enn tóftir, festarhringir og gamall grjótgarður. Þetta var eitt mesta sjávarflóð sem um getur við strendur Íslands.

Selatangar er gömul verstöð miðja vegu milli Grindavíkur og Krýsuvíkur. Útræði lagðist niður á Selatöngum eftir 1880. Allmiklir verbúðarústir eru þar og víða hefur verið hlaðið fyrir hraunhella sem vermenn höfðu til ýmissa nytja. Minjar þar eru friðlýstar.

Sogin er sérkennilegt háhitasvæði sunnan við Trölladyngju og Grænudyngju. Svæðið er allt ummyndað af jarðhita og gefur hlíðunum sem eru myndaðar af Sogaselslæknum fjölbreytta litaskrúð.

Gengið á milli heimsálfa

Brúin milli heimsálfa er brú sem byggð hefur verið yfir gjá upp af Sandvík á Reykjanesi. Þetta er táknræn göngubrú sem liggur yfir togsprungu sem rekja má til gliðnunar jarðskorpu vegna plötureks um Mið-Atlantshafshrygginn en meðalrekhraðinn er um 2 cm á ári.

Samkvæmt jarðfræðikenningum þrýstast Evrasíu- og Norður-Ameríkuflekarnir hvor frá öðrum á Reykjanesi og afmarkast plötuskilin af gjám og gígaröðum sem liggja frá Reykjanesi og norðaustur um land. Austurhluti landsins tilheyrir svonefndum Evrasíufleka og vesturhlutinn svonefndum Norður-Ameríkufleka. Þeim sem heimsækja brúna á Reykjanesi gefst þannig kostur á að upplifa það að ganga á milli heimsálfa!

visitreykjanes.is

■ **Brúin á milli heimsálfa er einn vinsælasti ferðamannastaðurinn á Reykjanesi og er fjölsótt af ferðamönnum.**

UPPLIFÐU NÝ ÆVINTÝRI Á REYKJANESI

reykjanesgeopark.is — visitreykjanes.is

■ Í Strandarkirkju í Selvogi er margt merka muna sem vert er að skoða, m.a. altaristöflu eftir Sigurð Guðmundsson málara.

■ Miklar endurbætur hafa verið gerðar á aðkomu að Strandarkirkju og þjónusta við gesti bætt.

Kirkja ein á svörtum sandi

Þessa daga er að ljúka viðamiklum endurbótum á nánasta umhverfi Strandarkirkju í Selvogi en að baki er áralöng vinna við að bæta aðgengi að staðnum. Stígar hafa verið endurbættir með þarfir hreyfihamlaðra í huga, snyrtingar endurnýjaðar, öll lýsing endurbætt og söguskilti komið fyrir. Þá er verið að opna nýja heimasíðu fyrir kirkjuna og með því er settur punktur aftan við þessar framkvæmdir sem hófust fyrir sex árum.

Elsta skjalfesta heimild um kirkju á Strönd er frá því um 1200 en öruggt má samt telja að kirkja hafi risið þar skömmu eftir kristnitöku. Núverandi Strandarkirkja er frá 1888. Hún var endurvígð eftir endurbætur 14. júlí 1968 og enn endurbætt og endurvígð 13. október 1996. Þjónustuhús var reist nálægt kirkjunni 1988. Í jarðhýsi er snyrtiaðstaða fyrir gesti og gangandi. Í kirkjunni er margt merka muna sem vert er að skoða. Innviðir kirkjunnar eru málaðir sterkum litum.

Það hefur verið trú manna að Strandarkirkja verði vel við áheitum og sjái alltaf fyrir sér og viðhaldi sínu. Þjóðsagan segir að þar heiti Engilsvík sem kirkjan stendur. Sjómenn í lífsháska hétu að byggja kirkju á ströndinni, ef þeir kæmust lífs af. Þá sáu þeir skært ljós í landi en það var ekki lengur þar, þegar þeir lentu heilu og höldnu, heldur stóð skínandi vera í flæðarmálinu og tók á móti þeim. Sjómennirnir efndu heit sitt. Vorið 1950 var var reistur minnisvarði um kraftaverkið í Engilsvík norðvestan við kirkjuna. Er það standmynd á stalli eftir Gunnfríði Jónsdóttur myndhöggvara (1889-1968) og nefnist Landsýn. Sýnir hún hvítklædda konu sem heldur á skínandi krossmarki og bendir sjómönnum í lífsháska inn í Engilsvík. Við kirkjuna er og að finna minnismerki um látna sjómenn.

strandarkirkja.is

N1

Fróðleiksfúsi í Þekkingarsetrinu í Sandgerði

Fróðleiksfúsi er gagnvirkur fræðsluleikur fyrir fróðleiksfúsar fjölskyldur til að kynnast náttúru og lífríki Íslands og um leið safngripum í Þekkingarsetri Suðurnesja í Sandgerði. Verkefninu er ætlað að skapa og endurbæta afþreyingu í nærsamfélaginu og auka á heimsóknir innlendra sem erlendra gesta í Þekkingarsetrið.

Fróðleiksfúsi stækkar með hverjum deginum í Þekkingarsetri Suðurnesja og hann hlakkar til að taka á móti sem flestum í Þekkingarsetrinu til að miðla sinni þekkingu með fræðslu til gesta. Fróðleiksfúsi er sérstaklega mikill barnakall og vill mjög gjarnan hitta sem flest börn til að kenna þeim sem mest um náttúru- og dýralíf. Unnið er að því að þýða verkefnið á pólsku og ensku.



■ Fróðleiksfúsi er gagnvirkt fræðsluforrit fyrir fróðleiksfúsar fjölskyldur og er aðgengilegur í Þekkingarsetri Suðurnesja í Sandgerði.

Leikurinn Fróðleiksfúsi er í stöðugri þróun og er studdur af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja, Samfélagssjóði HS Orku, Suðurnesjabæ, Jökulá og Háskólanum í Reykjavík.

thekkingarsetur/frodleiksfusi.is

■ **Af Miðdegishnúk er víðsýni mikið en hann er einn tindanna þrettán á Reykjanesi sem hægt er að fá nákvæmar upplýsingar um á vefsíðunni reykjanesgeopark.is.**

Hinir 13 tindar Reykjaness

Reykjanesið hefur margar fallegar gönguleiðir upp á að bjóða. Reykjanes Geopark, í samstarfi við Þráinn Kolbeinsson ljósmyndara, hefur tekið saman upplýsingar um 13 gönguleiðir á Reykjanesinu og nefnist verkefnið Tindar Reykjaness.

Spennandi gönguleiðir

Tindarnir sem um er að ræða á Reykjanesi eru Stóri-Hrútur, Miðdegishnúkur, Trölladyngja, Geitahlíð, Selsvallafjall, Grænavatnseggjar, Stapatindar, Þorbjörn, Hverafjall, Fagradalsfjall - Langhóll, Grænadyngja, Langihryggur og Keilir.

Á vefsíðunni reykjanesgeopark.is er að finna ítarlegar upplýsingar um hverja og eina þessara gönguleiða, umhverfi þeirra lýst, leiðbeiningar veittar varðandi aðkomu og aðgengi o.s.frv. Í textanum um Miðdegishnúka segir t.d. að tindurinn sé 392 m á hæð, erfiðleikastig varðandi gönguna á hann sé 2/4 og gönguferðin taki 1-2 klukkustundir. Síðan segir m.a.:

Miðdegishnúkur

„Vestan við Kleifarvatn liggur hinn fallegi Sveifluháls en á honum eru margir tindar sem bjóða upp á skemmtilegar göngur. Einn þeirra er Miðdegishnúkur. Til að byrja gönguna er keyrt um Krýsuvíkurveg með fram Kleifarvatni og svo er þægilegt að leggja bílnum á litlum malar afleggjara. Þaðan er svo hægt að ganga beint upp. Þegar upp brattann er komið tekur við flatlendi umkringt stórbrotnum klettum. Haldið er áfram til norðausturs og eftir um 500 metra blasir tindurinn við."

Förum varlega!

Minna má á að fara þarf að með gát þegar land Reykjanesskagans er lagt undir fót þessi misserin vegna eldsumbrotanna norðan Grindavíkur. Allar upplýsingar um stöðu þeirra mála má sjá á vefsíðunni safetravel.is og einnig hjá yfirvöldum almannavarna.

reykjanesgeopark.is
safetravel.is

Hvalsnessetur opnar í sumar

Nú er verið að leggja síðustu hönd á byggingu sérstaks þjónustuhúss skammt frá Hvalsneskirkju þar sem verður sett upp sýning um sálmaskáldið Hallgrím Pétursson sem þjónaði í prestakallinu á árunum 1644-1651. Einnig verður þar rekið veitingahúsið Kaffi Gola.

Hvalsneskirkja

Kirkjan á Hvalsnesi er ein af fáum steinhlöðnum kirkjum á Íslandi, en hún var byggð á árunum 1886-1887 af Katli útvegsbónda Ketilssyni í Kotvogi. Kirkjan er friðuð. Hvalsneskirkja er byggð úr tilhöggnum steini og var grjótið sótt í klappir í nágrenninu. Allir stórviðir hússins eru úr fjörunum í nágrenninu, m.a. súlurnar

Legsteinn Steinunnar

Hvalsneskirkja á margt góðra gripa. Einn merkasti gripur kirkjunnar er legsteinn yfir Steinunni Hallgrímsdóttur sem dó á fjórða ári (1649). Hún var dóttir Hallgríms Péturssonar (1614-1674) mesta sálmaskálds Íslendinga sem þjónaði þá sem prestur í Hvalsnessókn fyrstu prestskaparár sín 1644–1651. Hella þessi var lengi týnd en fannst 1964 þar sem hún hafði verið notuð í stéttina framan við kirkjuna.

■ **Hvalsneskirkja er án efa ein fegursta kirkja landsins. Hvalsnessetrið opnar í sumar í nýju þjónustuhúsi þar sem verður hægt að skoða sýningu um Hallgrím Pétursson.**

■ Byggðasafnið á Garðskaga er staðsett á fallegu safnasvæði við Garðskagavitana í Suðurnesjabæ á nyrsta odda Reykjanesskagans.

Ljósmynd: Hilmar Bragi Bárðarson.

Spennandi byggðasafn í Garði

Byggðasafnið á Garðskaga var opnað árið 1995 og hefur það verið starfrækt síðan. Safnið er alhliða byggða- og sjóminjasafn og er sérstaða þess einstakt vélasafn. Í safninu er veitingastaður með gott útsýni yfir stóra og litla vita og útsýni út á haf þar sem möguleiki er að koma auga á hvali.

Stærsti hluti safnsins á Garðskaga er tengdur sjóminjum og þar má sjá ýmsa hluti sem voru notaðir við fiskveiðar og fiskverkun í landi á árum áður. Utandyra er að finna vélbátinn Hólmstein GK 20, 43 tonna trébát sem stendur utan við safnið og má fara um borð í hann. Um 60 vélar eru á safninu, sem eru allar uppgerðar af Guðna Ingimundarsyni og að auki má skoða trukkinn hans Guðna sem hefur mikið aðdráttarafl. Þá má nefna að súðbyrðingurinn Fram, smíðaður 1887, er varðveittur á safninu og er hann á lista UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf. Safnið hefur einnig fjölmarga aðra muni að geyma t.d. gömul útvörp og ýmis tæki og tól sem notuð voru á heimilum á fyrri árum.

Á safninu er upplýsingamiðstöð og safnverslun með innréttingum frá 1921 þar sem m.a. er hægt að kaupa minjagripi eftir listamenn úr þorpinu. Þar er og að finna Verslun barnanna – búð sem má leika sér í, húsamódel úr Sandgerði og nýja sýningu sem nefnist „Hugur, heimili og handverk Suðurnesjamanna“, og að auki lýðveldissýningu í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldis á Íslandi og lýðveldisvitans á Garðskaga. Er þá fátt eitt nefnt.

■ Á safninu í Garði er upplýsingamiðstöð og safnverslun með innréttingum frá 1921.

■ Verslun barnanna er alltaf vinsæl heim að sækja.

■ Módel af ýmsum húsum úr Sandgerði eru á safninu.

Byggðasafnið í Garði er opið alla daga fram til loka september frá kl. 10-17. Frítt er fyrir alla gesti inn á safnið.

Leiðarljós í lífhöfn

Áhugaverða sýningu um Reykjanesvita og sögu sjóslysa á Reykjanesi er að finna í Radíóhúsinu neðan við vitann en yfirskrift hennar er Leiðarljós í lífhöfn. Það voru Hollvinasamtök Reykjanesvita sem hófust handa um verkefnið árið 2018 en sýningin er samstarfsverkefni Hollvinasamtakanna og Byggðasafns Reykjanesbæjar. Sýningarstjóri og hönnuður er Eiríkur P. Jörundsson. Sýningin var opnuð haustið 2021.

■ **Reykjanesviti er afar rammger og hefur vel staðist tímans tönn frá því hann reis á Bæjarfelli árið 1908. Neðan vitans er að finna áhugaverða sýningu sem nefnist Leiðarljós í lífhöfn.**

Upphaf slysavarna

Á sýningunni í Radíóvitanum á Reykjanesi eru ýmis gögn þar sem sagt er frá stórum sjóslysum, m.a. strandi Jóns forseta á Stafnesi. Þar fórst öll áhöfnin en í landi stóðu menn og horfðu á og gátu ekkert að gert. Slysið við Stafnes varð kveikja þess að stofnaðar voru slysavarnadeildir um allt land. Á sýningunni í Radíóhúsinu er fjöldi ljósmynda og upplýsandi og fróðlegur texti. Mikil áhersla er lögð á sjóslysasögu Íslands og er heill veggur t.d. tileinkaður þeim rúmlega 3500 manns sem fórust í sjó á 20. öldinni og nöfn þeirra rituð á vegginn. Þá eru einnig sýndar myndir af fyrsta vitanum á Valahnúk og einnig frá byggingu núverandi vita á Bæjarfelli.

Saga vitanna rakin

Á Reykjanesi reis fyrsti ljósviti Íslands á Valahnúk þann 1. desember 1878. Um þrjátíu árum síðar var svo komið að verulega hafði hrunið úr Valahnúknum og ekki nema 10 m frá vitanum fram á brún. Var því ákveðið að byggja nýjan vita á Bæjarfelli, sem er hóll nokkru ofar en Valahnúkur og reis hann árið 1908 úr grjóti og steinsteypu. Reykjanesviti er 22 m á hæð upp á pall, sívalur að innan. Vitinn er afar rammger; 9 m í þvermál neðst en 5 m efst. Þessi mikla veggþykkt var talin ráðleg vegna hinna tíðu jarðskjálfta og hefur byggingin reynst vel og er enn í fullri notkun.

Brimketill – einstakt náttúruundur

Brimketill er sérkennileg laug í sjávarborðinu vestast í Staðarbergi, skammt vestan við Grindavík. Brimketill og katlarnir í nágrenni hans urðu til vegna stöðugs núnings brims við hraunklettana. Þar hefur ytra álag smátt og smátt mótað bolla og katla í basalthraunið. Búið er að stórbæta alla aðstöðu fyrir ferðamenn við þetta náttúruundur og fékk Reykjanes Geopark á síðasta ári Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu fyrir uppbyggingu við Brimketil

Í nágrenni Brimketils má sjá þann kraft sem býr í Norður-Atlantshafinu. Aldan vinnur á föstu berginu með því að þrýsta þétt saman lofti í rifum og sprungum. Við útsogið dregur sjórinn loftið með sér. Þá verður til undirþrýstingur. Þessi ferill brýtur bergið smám saman. Við bætist svo rof vegna bergbrota sem aldan skellir á sjávarkletta og laust grjót, og auk þess frostveðrun

■ **Brimketill er sérkennilegur ketill í sjávarborðinu sem minnir helst á heitan pott á sólríkum degi.**

þegar vatn í glufum þenst út við að harðna, og jafnvel sandblástur.

Það skal undirstrikað að ekkert öryggiseftirlit er á svæðinu og gestir þar á eigin ábyrgð. Fólki er eindregið ráðlagt að fara ekki í sjóinn en öldurnar eru miklar og sterkir straumar úti fyrir.

■ Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans í hálfa öld.

Gljúfrasteinn – Safn og saga skáldsins

Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans um hálfrar aldar skeið. Íslenska ríkið keypti húsið árið 2002, þegar öld var liðin frá fæðingu skáldsins og tveimur árum síðar var það opnað almenningi. Húsgögn og munir innanstokks eru þeir sömu og voru í tíð Halldórs og hans fjölskyldu sem þar bjó frá árinu 1945. Safnið á Gljúfrasteini er opið í sumar kl. 10-17.

Margmiðlunarsýning og safnbúð

Móttökuhúsið er fyrsti viðkomustaður gesta á Gljúfrasteini. Ævi og verkum Halldórs Laxness eru gerð góð skil í máli og myndum í margmiðlunarsýningu í móttökuhúsinu. Þar geta gestir sjálfir kynnst skáldinu frá vöggu til grafar og skoðað sýninguna sem er á snertiskjá. Fjöldi ljósmynda og kvikmynda er notaður í sýningunni sem er aðgengileg á gagnvirkum snertiskjá á íslensku og nokkrum erlendum málum. Í móttökuhúsinu er einnig safnbúð.

Garðurinn og gönguleiðirnar

Halldór Laxness var mikill útivistarmaður og gekk mikið í nágrenni Gljúfrasteins enda umhverfið fagurt. Gestir eru hvattir til að nýta sér gönguleiðirnar í nágrenni hússins sem stendur við ána Köldukvísl og er byggt í landi jarðarinnar Laxness þar sem Halldór ólst upp. Garðurinn umhverfis húsið er opinn almenningi og hentugar gönguleiðir eru til dæmis upp með ánni í átt að eyðibýlinu Bringum og niður með Köldukvísl í áttina að Guddulaug. Starfsfólk Gljúfrasteins getur leiðbeint fólki um gönguleiðir en einnig er hægt að nálgast göngukort í safnabúðinni.

■ Halldór Laxness var mikill smekkmaður á fallega hönnun og átti hann m.a. þennan Jagúar árgerð 1968.

Stofutónleikar á sunnudögum

Allt frá árinu 2006 hafa verið haldnir stofutónleikar á Gljúfrasteini á sunnudögum yfir sumartímann. Miðar á tónleikana eru seldir í safnbúð Gljúfrasteins samdægurs og viðburðirnir jafnan auglýstir á heimasíðu safnsins og Facebooksíðu þess.

gljufrasteinn.is

Bjartir dagar í Hafnarfirði

Það verða **Bjartir dagar** í Hafnarfirði í júní. Menningarhátíðin endurspeglar það fjölbreytta menningarstarf sem á sér stað í Hafnarfirði. Skemmtun, fjölbreytt verslun og þjónusta, kósí kaffihús, vinalegir veitingastaðir og ný ævintýri við hvert fótmál. Frítt fyrir börnin í sund og ókeypis aðgangur að söfnunum. Við tökum vel á móti þér!

hfj.is/bjartirdagar

Hafnarfjörður

Gleðigangan 2024

Gleðigangan 2023 verður gengin laugardaginn 10. ágúst í sumar en hún er jafnan hápunktur Hinsegin daga sem standa munu yfir frá þriðjudeginum 6. til sunnudagsins 11. ágúst. Gangan fer af stað frá Hallgrímskirkju stundvíslega kl. 14:00.

Í Gleðigöngunni sameinast lesbíur, hommar, tví- og pankynhneigðir, trans fólk, intersex fólk og aðrir hinsegin einstaklingar ásamt fjölskyldum sínum og vinum til að staðfesta tilveru sína og minna á baráttumál sín. Gangan er í senn kröfuganga hinsegin fólks, sem kallar eftir jafnrétti, vitundarvakningu og útrýmingu mismununar, sem og vettvangur til að fagna því sem hefur unnist í baráttunni.

■ **Hinsegin dagar eru ein allra fjölsóttasta hátíð landsins.** Mynd: © Hinsegin dagar í Reykjavík.

Upplifðu Höfuðborgarsvæðið // visitreykjavik.is

Helgafell er 340 m hátt móbergsfjall skammt frá Kaldárseli suðaustan Hafnarfjarðar. Það er auðvelt uppgöngu að norðaustan og gott útsýni er af fjallinu yfir Reykjanesið norðanvert og út á Faxaflóa.

Elliðaárdalurinn er ein helsta útivistarperla Reykjavíkur. Þar eru merkilegir sögustaðir og friðlýstar minjar. Friðsældin í dalnum er einstök og þangað er gott að koma til að hvíla sig frá skarkala borgarinnar.

Ylströndin í Nauthólsvík var vígð sumarið 2000 og ári síðar var opnuð þjónustumiðstöð með búningsklefum, baðaðstöðu og veitingasölu. Við ákjósanlegustu aðstæður er hitastig sjávarlónsins innan grjótgarðanna 18-20°C og pottarnir eru 30-35°C heitir.

Viðey er stærsta eyjan í Kollafirði, 1,7 km^2. Hæst liggur hún á Heljarkinn, 32 metra yfir sjávarmáli. Hún er í tveimur hlutum, sem eru tengdir með eiði. Þar eru gönguleiðir góðar. Auðvelt er að fara út í Viðey með Viðeyjarferjunni sem hefur samastað í Klettsvör í Sundahöfn.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardal er staður þar sem ungir og aldnir geta notið lífsins. Garðurinn er vel búinn skemmtilegum leiktækjum og vaðtjörn fyrir börnin. Innan borgarmarkanna finnst ekki betri staður til að kynnast íslensku húsdýrunum.

Hellisgerði í Hafnarfirði er heimili álfa, dverga og annarra dulrænna vera. Í garðinum eru forvitnilegar hraunmyndanir og fjölbreyttar trjátegundir. Garðurinn er nefndur eftir litlum hellum sem sjást í hrauninu í miðhluta garðsins.

Miðborg Reykjavíkur iðar af lífi, ekki síst yfir sumartímann. Þar er gnótt veitingastaða, menningarhúsa og verslana. Göngugöturnar er skemmtilegt að stika innan um erlendu ferðamennina.

GLJÚFRASTEINN

Hús skáldsins

www.gljufrasteinn.is

Gljúfrasteinn býður gesti velkomna í allt sumar

- Leiðsögn um húsið
- Safnbúð – bækur, minjagripir
- Stofutónleikar á sunnudögum

Opið alla daga í sumar frá kl. 10.00-17.00.

Frekari upplýsingar á: www.gljufrasteinn.is

www.instagram.com/gljufrasteinn/
www.facebook.com/gljufrasteinn
#gljufrasteinn #Laxness

Pósthólf 250 / 270 Mosfellsbær / Sími 586 8066 / gljufrasteinn@gljufrasteinn.is / www.gljufrasteinn.is

■ Stemningin í miðbænum er hlýleg með kósí kaffihúsum, vinalegum veitingastöðum og ævintýrum við hvert fótmál.

■ Mikið og fjölbreytt lífríki og fuglalíf er við Ástjörn sem er ein af perlum upplands Hafnarfjarðar.

Bjartir dagar í Hafnarfirði í júní

Menningarhátíðin Bjartir dagar er hattur fjölbreyttra hátíðarhalda vítt og breitt um bæinn, sem gleðja munu bæjarbúa og gesti bæjarins og endurspegla það fjölbreytta menningarstarf sem á sér stað í Hafnarfirði.
Huggulegasti heimabær höfuðborgarsvæðisins, Hafnarfjörður, er bær sem hefur allt til alls þegar kemur að upplifun, verslun og þjónustu. Bærinn er fallegur frá náttúrunnar hendi og vinsæll meðal innlendra og erlendra ferðamanna. Hafnarfjörður er stækkandi samfélag sem tekur fagnandi á móti fjölbreytileika og nýjungum. Þannig hafa einstakar sælkerabúðir, handverksbakarí, vinnustofur, sýningarsalir og smásalar með íslenska vöru beint frá býli hreiðrað um sig víðsvegar um Hafnarfjörð. Fjörðinn er gott heim að sækja. Þar er fjölbreytt verslun og þjónusta, vinalegir veitingastaðir, kósí kaffihús, heimilisleg hótel, gallerí og vinnustofur listamanna með íslenskri hönnun og handverki, söfn og einstök náttúra í göngufjarlægð. Bæjarandinn er hlýlegur, fólkið vinalegt og fjölbreytta afþreyingu að finna fyrir allan aldur. Ærslabelgir og þrjár sundlaugar eru í Hafnarfirði sem búa allar yfir sínum sérkennum og sjarma. Frítt er í sund fyrir alla 17 ára og yngri.

Djúpstæð saga endurspeglast í umhverfinu

Miðbærinn í Hafnarfirði er lifandi og hafnarsvæðið sérstaklega heillandi með smærri og stærri bátum og dorgveiði allt um kring. Djúpstæð saga bæjarins endurspeglast í umhverfinu og

■ Dorgveiði nýtur mikilla vinsælda og hefur dorgveiðikeppni fyrir börn verið haldin um árabil miðsumars.



■ Skrúðgarðurinn Hellisgerði er vinsæll meðal Hafnfirðinga og vina Hafnarfjarðar.

henni má m.a. kynnast á rölti um Strandstíginn og í söfnum bæjarins þar sem að gangur er ókeypis. Tilvalið er að kíkja á Byggðasafn Hafnarfjarðar, í Hafnarborg og á bókasafnið og yfir sumartímann er opið í fimm húsum Byggðasafnsins. Á góðum degi er hægt að grípa með sér blað eða góða bók, nesti, teppi, spil, sápukúlur og annað sniðugt og rölta í Hellisgerði sem er

■ Hvaleyrarvatn er vinsælt útivistarsvæði fyrir hreyfingu og vatnasport.

hrauni prýddur skrúðgarður í hjarta Hafnarfjarðar.

Útivera og upplifun í náttúrunni

Í upplandi Hafnarfjarðar leynast ævintýri við hvert fótmál. Ganga í kringum Hvaleyrarvatn er öllum fær og vatnið tilvalið fyrir vað- og vatnasport. Ferð til Krýsuvíkur klikkar aldrei, er litrík og mikil upplifun fyrir alla fjölskylduna. Vinsælt er að skella sér í göngu á Helgafellið eða í hellaskoðun í Valaból auk þess sem fjölbreytt lífríki og fuglalíf Ástjarnar vekur ætíð athygli og áhuga. Tjaldsvæði bæjarins er á Víðistaðatúni sem jafnframt er fjölbreytt útivistarparadís með aparólu, ærslabelg, kastala, grillhúsi, útilistaverkum og níu brauta frisbígolfvelli.

Komdu heim í Hafnarfjörð og upplifðu Bjarta daga í allt sumar!

hafnarfjordur.is

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10 – 17, Laugardaga 11-15

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 •
ggsport.is Opnunartími: Virkir dagar 10 – 17, Laugardaga 11-15.